

SKÓLAVARÐAN

3. tbl. 8. árg. maí 2008

Málgagn Kennarasambands Íslands



FJÓRÐA ÞING KÍ 9.-11. APRÍL

- Ávörp og fyrirlestrar
- Málstofur
- Þingsamþykktir
- Fréttir

CAPACENT OG STJÓRNENDASKÓLI HR KYNNA

STJÓRNUN OG FORYSTA Í SKÓLAUMHVERFI

Capacent og Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík bjóða upp á 30 eininga ects nám sem er sniðið sérstaklega að þörfum skólastjórna. Markmið námsins er að efla stjórnendur í skólum m.a. á sviði leiðtogafærni og stefnumótunar, mannauðs- og rekstrarstjórnunar ásamt því að gera þá færa í að nýta árangursmat til að innleiða stefnu og stýra störfum starfsfólks.

Námið er ætlað stjórnendum í leik-, grunn-, framhalds- og sérskólum, það hefst haustið 2008 og lýkur í júní 2009. Kennt er í tveggja daga lotum á tveggja vikna fresti yfir veturinn.

Námið er í heild 294 klst. auk hópavinnu og lesturs. Námið kostar 520.000 kr. Það skiptist í tvo hluta, faglega stjórnun og árangursmat, og byggist á tólf lotum:

Fyrri hluti – Fagleg stjórnun

- Leiðtogafærni og stjórnun
- Breytinga- og verkefnastjórnun
- Starfsmannastjórnun
- Fjármál, rekstur og frammistöðumat
- Lagaumhverfi skólastjórna
- Skólastjórnandinn
- Markþjálfun fyrir stjórnendur
- Framkoma og tjáning

Seinni hluti – Árangursmat

- Ytra umhverfi og mismunandi leiðir til árangursmats
- Gerð árangursmats fyrir skólastofnun
- Vinnustofa 1. Verkleg stefnumótun
- Stefnumkortid. Viðskiptavinir, innri ferli, frumkvæði og þekking, fjármál (virðisstjórnun)
- Vinnustofa 2. Gerð stefnukorts
- Vinnustofa 3. Gerð skorkorts
- Vinnustofa 4. Gerð aðgerða
- Vinnustofa 5. Innleiðing á stefnu
- Málstofa

Kynningarfundur á náminu verður haldinn í maí.

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is og www.stjornendaskoli.is




STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

capacent

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaga KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórnendafélag Íslands (SÍ).



Ólafur Loftsson
Formaður FG

Hálfnað er verk þá hafið er

Mánudaginn 29. apríl 2008 var skrifað undir nýjan kjarasamning milli Félags grunnskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga. Samið var til eins árs og nema launleiðréttingar allt að 23%. Þær koma allar fram á fyrstu sjö mánuðum samningsins. Meðalgrunnlaun grunnskólakennara verða á þessum sjö mánuðum komin upp fyrir meðalgrunnlaun leikskólakennara og til jafns við meðalgrunnlaun framhaldsskólakennara. Þegar skoðuð eru dæmi þá fara dæmigerð byrjunarlaun kennara sem er yngri en 30 ára úr 210.844 kr. í 265.240 kr. Meðalgrunnlaun (vegið meðaltal) umsjónarkennara 2 fara úr 261.040 kr. í 315.890 kr.

Í samningsmarkmiðum FG var lögð áhersla á stuttan kjarasamning, að leiðrétta laun til jafns við helstu viðmiðunarstéttir og án þess að þurfa að gefa neitt eða selja af áunnum réttindum okkar. Einnig settum við okkur það markmið að reyna af öllum mætti að semja áður en gildandi kjarasamningur rynni út og án átaka. Öllum þessum markmiðum náðum við.

En er þetta nóg? Það er öllum ljóst að gera þarf enn betur. Við lítum svo á að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að gera kennarastarfið samkeppnishæft á vinnumarkaði. Til þess að svo megi verða þarf auðvitað að leiðrétta kjör okkar enn frekar. Ég tel þetta vissulega jákvæðan áfanga og mér er til efs að á seinni árum hafi náðst önnur eins leiðrétting á jafn stuttum tíma og nú. Staðan var vissulega slæm og nauðsynlegt að laga hana verulega.

Jákvæðni, uppbygging og fagleg vinnubrögð ríkjandi

Undirbúningur þessa kjarasamnings hefur staðið í eitt og hálf ár. Núverandi formenn samninganefnda FG og LN ákváðu á sínum tíma að taka upp ný og breytt vinnubrögð sem áttu að vera til þess fallin að auka skilning milli aðila, byggja upp traust og auðvelda kjaraviðræður. Í aðdraganda viðræðna var lögð mikil áhersla á sameiginlegan undirbúning sem meðal annars fólst í sameiginlegri athugun aðila á launalegri stöðu grunnskólakennara gagnvart öðrum stéttum. Einnig fór fram mikil gagnkvæm vinna hjá aðilum um skólamálin.

Þegar formlegar kjaraviðræður hófust lágu þessar sameiginlegu niðurstöður fyrir og um þær ríkti sátt, enda unnar af báðum aðilum. Þeir byrjuðu á því að setja sér sameiginleg markmið og hófust svo handa við að finna sameiginlega leið að þeim. Þetta tókst mjög vel og lauk, eins og áður hefur komið fram, í lok apríl. Það er skemmt frá því að segja að það kom mörgum gleðilega á óvart að samningar skyldu takast eftir heldur stormasöm samskipti við LN á undanförunum árum.

Ég bind miklar vonir við þessi nýju vinnubrögð. Með þeim hefur skapast traust milli aðila sem er afar mikilvægt. Í samskiptum okkar við LN síðastliðna mánuði kveður við nýjan og betri tón sem gefur okkur von um að ætla að sveitarfélögum sé full alvara í því að gera grunnskólann að eftirsóttum og samkeppnishæfum vinnustað.

Ólafur Loftsson

Næsta skref í samvinnu kennara og menntamálaráðuneytis



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

Þegar menntayfirvöld í landinu og kennarar eru farin að vinna saman, jafnvel þótt samstarfið sé brothætt og eins og menntamálaráðherra sagði á þingi KÍ fyrir skemmstu oft og tíðum stormasamt þá vakna væntingar. Hvað stendur í veginum fyrir því að við vinnum enn meira og betur saman?

Eitt af því sem ríkisvald og kennarar ættu að geta sameinast um er að efla íslenskar menntarannsóknir. Næsta skref að eflingu lokinni eða helst samhliða henni er að leggja drög að því að stefnumótun og framkvæmd verði í auknum mæli grundvölluð á vönduðum rannsóknaniðurstöðum. Eins og framhaldsskólakennari sagði við mig um daginn: „Við hleyfum nýrri námskrá af stokkunum en við vitum ekki hvernig sú gamla virkaði af því það var aldrei rannsakað. Hvernig eigum við þá að vita hvort sú nýja er betri en sú gamla?“

Annar kennari spurði mig hvernig ég vildi að börnin mín kæmu út úr grunnskólanum. „Viltu ekki að þau séu stolt, keik og brosandir?“, spurði hann. Jú, auðvitað vildi ég það. Þessar samræður snerust um samræmd próf sem ég er á móti en viðmælandi minn ekki, að minnsta kosti ekki alfarið. „Ég hef ekkert á móti samræmdum prófum sem slíkum ef þau eru send skólum til úrvinnslu og kennurum til umfjöllunar og stuðnings í mati sínu á stöðu nemenda. En að útvarpa þessu um allt land og stuðla að samkeppni meðal skóla og vesaldómi þeirra sem koma illa út kann ekki góðri lukku að stýra. Svo eru prófin beint til þess fallin að rífa niður þau fimm prósent barna sem eru með ADHD auk fleiri nemenda sem af öðrum ástæðum eiga erfitt með að komast í gegnum svona löng próf.“ Kennarinn gerði líka athugasemdir við prófspurningar sem margar væru ekki í neinu samhengi við veruleika nemenda og kennara – svo sem spurning um gengi tiltekins stjórnmalaflokks árið 1931. Aðrar

væru svo mikil þvæla að engin leið væri að velja einn svarmöguleika öðrum fremur, allir gætu þeir átt við. Mér vitanlega hafa ekki farið fram miklar rannsóknir á gagnsemi staðlaðra samkeppnisprófa, rannsóknir beinast fremur að því hverjir komi vel út úr þeim og hverjir illa; nemendur, skólar og lönd. Hvernig skyldi gagnsemi vera skilgreind í rannsóknnum á stöðluðum prófum? Hún er ekki mæld í hamingju útskrifaðra nemenda, svo mikið er víst.

Ég þekki urmul af góðum kennurjum, flestum hef ég verið svo lánsöm að kynnast í starfi mínu hjá Kennarasambandinu. Þetta eru kennarar sem eru skuldbundnir nemendum sínum. Sumir þeirra eru að íhuga að hætta í kennslu. Látum launin liggja á milli hluta andartak þótt þau hafi mikið vægi í þessu samhengi. Sú ástæða sem oftast er nefnd í mín eyru auk lágra launa er minnkandi sjálfræði og svigrúm til að sinna starfinu eins og kennarinn veit af reynslu sinni að er nemendum til heilla. Með því að rannsaka þekkingu kennara á því hvað býr til góðan skóla og styðjast við niðurstöður slíkra rannsókna í stefnumótun og framkvæmd gerum við eitthvað af viti. Þetta gæti reynst heilladrjúgt næsta skref í aukinni samvinnu ríkisvaldsins og kennara.

Kristín Elfa Guðnadóttir.

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Hálfnað er verk þá hafið er 3

Leiðari: Næsta skref í samvinnu kennara og menntamálaráðuneytis 4

Gestaskrif: „Vaxtarsjálff“ eða „festusjálff“ - skiptir það máli? 5

Kjaramál: Kjarasamningar grunnskólans 7

Þing KÍ: Kennaralaun og skólastarf í innlendu og alþjóðlegu samhengi 10

Þing KÍ: Aldrei má hvika frá jafnrétti til náms 11

Þing KÍ: Menntun er sjálfsgöð mannréttindi 12

Viðtal: Sterk ímynd tónlistarskóla getur breyst segir Ólafur Elíasson 14

Þing KÍ: Sveitarfélögin vilja lyfta kennslunni á hærri stall 16

Þing KÍ: Samþykktir á fjórða þingi KÍ 18

Þing KÍ: Málstofur á fjórða þingi KÍ 19

Þing KÍ: Með meiri einkarekstri kæmi meiri fjölbreytni 23

Fréttir: Rödd barnsins, aðalfundur KFR og fleiri fréttir 24

Auglýsing: Námsstyrkir leikskólakennara – úthlutun 26

Ráðstefna og námskeið: ReMida - skapandi efnisveita, 26

Námskeið: Líkamsásláttur (Body percussion) með Keith Terry 26

Málþing: Kennaramenntun á tímamótum 28

Fréttir: Útinám og skólastarf, 1. maí, verkfall breskra kennara 28

Smíðshöggjö: Ég gæti Íslands og Ísland gætir mín - hér vil ég búa 29

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is

Umsjónarmaður félagatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115

Hönnun: Zetor ehf.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Thulas Waltermade Nxesi, forseti

Alþjóðasambands kennara og heiðursgestur á þingi KÍ.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Gutenberg

Skólavarðan, s. 595 1120 (Kristín)

Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Dweck hefur þróað mælitæki sem skilja sauðina frá höfrunum. Tækin leiða í ljós að fæstir eru festu- eða vaxtarkenningarfólk á öllum sviðum. Algengt er til dæmis að aðhyllast festukenningu um greind en vaxtarkenningu um siðvit.



Ljósmynd frá höfund

„Vaxtarsjálfr“ eða „festusjálfr“

skiptir það máli fyrir árangur og líðan nemenda?

Rannsóknir bandaríska sálfræðingsins **Carol S. Dweck** hafa vakið talsverða athygli meðal skólafólks og foreldra á undanföllum árum enda hafa þær augljósa þýðingu fyrir ýmis þau efni sem hæst ber í umræðum um þroska- og einstaklingsmiðað nám. Ég ætla hér á eftir að gera stutta grein fyrir kenningum hennar og segja á þeim kost og löst.

Ég miða einkum við bók Dweck, *Self-Theories: Their Role in Motivation, Personality, and Development* (Philadelphia, Psychology Press, 1999), sem dregur saman niðurstöður þriggja áratuga rannsókna hennar og samstarfsfólks hennar á sjálfshugmyndum okkar og þroska þeirra. Bókin er afar

upplýsandi og ögrandi lesning, ekki síst fyrir áhugafólk um menntamál. Nýjasta bók hennar, *Mindset: The New Psychology of Success* (New York, Random House, 2006), bætir því miður litlu við fyrri skrif nema dæmisögum, endurtekningum og útpynntu sjálfshjálparhjali.

Fræðilegar forsendur

Aðferðafræði Dweck byggist á félagsmótunar- og hugfræðilíkani um manninn. Skoðanir fólks, ekki síst á sjálfu sér, mynda merkingarkerfi sem móta hugfar og dagfar þess og leiða til þess að það bregst á ólíkan hátt við líkum aðstæðum. Sérstaka þýðingu hafa í þessu sambandi duldar innri kenningar fólks um hvaða kost það hafi á að

stjórna sjálfu sér og umhverfi sínu. Þessar kenningar hafa mismikið „aðlögunargildi“, sem merkir á mannamáli að þær séu mishollar fólki. Nánar tiltekið er Dweck höll undir svokallaðar „eignunarkenningar“ í sálfræði sem gera ráð fyrir að við breytum í ljósi þeirra eiginleika sem við eigum sjálfum okkur: teljum okkur hafa til að bera (með réttu eða röngu). Einnig felst í kenningunni að skýringar okkar á eigin hegðun og annarra hafi áhrif á breytni okkar.

Sjálfskenning

Endurteknar niðurstöður rannsókna Dweck leiða í ljós að hægt sé að skipta fólki frá blautu barnsbeini í tvo meginflokkka eftir því hvaða „duldar sjálfskenningar“ það

Aðeins ungmenni með vaxtarsjálfi eiga kost á róttækum sjálfshvörfum því að til að geta breytt sjálfum sér á djúpstæðan hátt verður fyrst að trúna því að slík breyting sé möguleg. Treysti maður því að sjálf manns sé vaxtarsjálfi standa manni ýmsar leiðir opnar; ella blasa við endalausar blindgötur.

Hollt er að hrósa – en eingöngu ef hrósið er fyrir viðleitni fremur en hæfni. Ef við hælum börnum fyrir að vera greind eða hæfileikarík þá innrætum við þeim festukenningu. Dweck telur sérstaka hættu á að stúlkur uppskeri misskilið hrós fyrir að vera sætar og góðar, strákar hafi venjulega meira fyrir stafni og fá frekar hrós fyrir tiltekin unnin verk.

aðhyllist: *festukenningarfólk* og *vaxtarkennningarfólk*. Þeir sem hallir eru undir „festukenningar“ telja persónueiginleika sína stöðuga og óhagganlega. Þeir sem styðja „vaxtarkennningar“ telja eiginleikana sveigjanlega og breytanlega. Hinir síðarnefndu fagna áskorunum sem lífið ber á borð fyrir þá og þeir njóta þess að glíma við verðug viðfangsefni sem reyna á hæfileika þeirra og þroska þá. Festupaufararnir þrá hins vegar auðveld viðfangsefni sem þeir vita að þeir ráða við. Þeir hafa stöðugar áhyggjur af því að komast að raun um að hinir fastskorðuðu hæfileikar sínir séu rýrir. Festukenningar drepa því dáð úr fólki og gera það hjálparvana. Dweck hefur þróað mælitæki sem skilja sauðina frá höfrunum. Tækin leiða í ljós að fæstir eru festu- eða vaxtarkennningarfólk á öllum sviðum. Algengt er til dæmis að aðhyllast festukenningu um greind en vaxtarkenningu um síðvit. Engu að síður eru hlutföll festu- og vaxtarkennningarfólks á hverju sviði tiltölulega stöðug og jöfn. Tæpur helmingur fellur í hvorn flokk en um 15% eru einhvers staðar í miðjunni. Endurtekin próf á fólki allt niður í þriggja og hálfis árs aldur leiða í ljós sömu hlutfallslegu skiptinguna.

Þorinn af rannsóknun Dweck snýst um greind. Festukenningarfólk telur greind fasta og trúir á mælda greindarvísitölu sína eins og markaskrá. Það hefur vantrú á að geta lært neitt nýtt en vill endurtaka fyrri afreksverk aftur og aftur. Vaxtarkennningarfólk telur greind sveigjanlega og vaxtarmiðaða (leggja maður sig fram við að efla hana). Það fagnar nýjum viðfangsefnum. Meðal rannsókna Dweck á afdrifum fólks í þessum

tveimur flokkum má nefna að nemendur sem hefja nám í nýjum skóla með festukenningu sem bögglað roð fyrir brjósti eiga á hættu að staðna og daga uppi í hinu nýja umhverfi á meðan vaxtarkennningarfólkið blómgastr og dafnar. Ein ástæðan er sú að festukenningarfólkið hættir tiltölulega fljótt að reyna að ná árangri í náminu, eignast nýja vini og svo framvegis. Með því að reyna ekki getur það að minnsta kosti haldið í þá blekkingu að það *hefði* getað náð settu marki *ef* það hefði lagt sig fram um það. Dweck kennir þessi viðbrögð við „áunnið hjálparleysi“.

Dweck og félagar hennar hafa komist að svipuðum niðurstöðum á öðrum mannlífssviðum, svo sem í sambandi við tilfinningastjórn og ástarsambönd: Festukenningarfólk leit frá blautu barnsbeini að viðurkenningu annarra og staðfestingu ríkjandi tengsla. Vaxtarkennningarfólk tekur hins vegar áhættu og leit nýrra sambanda. Í ástarsamböndum óskar hið fyrrnefnda eftir endurteknu skjalli, hið síðara eftir samþroska með ástvininum. Þeir sem telja sig geta haft stjórn á eigin tilfinningum standa sig vel við nýjar aðstæður, til dæmis þegar þeir hefja háskólanám; hinir sem halda að tilfinningar séu stjórnlaus goshver standa sig áberandi lakar.

„Duldu sjálfskenningarnar“ sem Dweck lýsir koma við kjarnann í sjálfum okkur og ákvarða kost okkar á sjálfsþroska. Varðandi spurninguna sem brennur á mörgum kennurum og foreldrum um hvernig börn eða unglingar sem lent hafa á villigötum í námi sínu og lífi geti komist aftur inn á rétta braut er svar Dweck skýrt og skorinort:

Aðeins ungmenni með vaxtarsjálfi eiga kost á róttækum sjálfshvörfum því að til að geta breytt sjálfum sér á djúpstæðan hátt verður fyrst að trúna því að slík breyting sé möguleg. Treysti maður því að sjálf manns sé vaxtarsjálfi standa manni ýmsar leiðir opnar; ella blasa við endalausar blindgötur.

Menntunarfræðilegar ályktanir

Niðurstöður Dweck hafa valdið talsverðum úlfabýti, bæði meðal uppeldisfræðinga og almennings í Bandaríkjunum. Það hafa lengi verið tiskusannindi að hollt sé að hrósa börnum. Dweck deilir í þau sannindi með tveimur. Hollt er að hrósa – en eingöngu ef hrósið er fyrir viðleitni fremur en hæfni. Ef við hælum börnum fyrir að vera greind eða hæfileikarík – og ég tala nú ekki um ef við sláum innistæðulausa gullhamra – þá innrætum við þeim festukenningu: „Haltu áfram að reyna að sýnast vera klár; taktu enga áhættu.“ Við eigum fremur að segja (þegar við á): „Þetta var frábært hjá þér. Þú lagðir þig fram við verkið og náðir árangri vegna þess.“ Dweck telur sérstaka hættu á að stúlkur uppskeri misskilið hrós fyrir að vera „sætar og góðar“; strákar hafi venjulega meira fyrir stafni og fá frekar hrós fyrir tiltekin unnin verk (nýja legóbílinn sem þeir settu vel saman og þar fram eftir götum). Gagnrýni þarf einnig að vera verkmiðuð og beinast að tilteknum mistökum, ekki barninu sjálfu. Ella kann afleiðingin að verða skert sjálfsmynd. Rétt notkun uppalenda á hrósi og aðfinnslum getur þannig fest í sessi vaxtarsjálfi barns.

Kostir og gallar

Þetta yfirlit hér að framan dregur upp nokkuð einfaldaða mynd af rannsóknum Carol Dweck. Þær eru viðamiklar og allrar athygli verðar. Margt bendir til þess að hún hafi rétt fyrir sér er hún dregur af þeim þá ályktun að sjálfshugmyndir fólks geti auðveldað eða hindrað – jafnvel útilokað – sjálfsþroska og sjálfshvörf í kjölfar samskipta við kennara og aðra uppalendur. Margt kemur samt spáskt fyrir sjónir í kenningu hennar. Hið fyrsta er hin stranga tvískipting fólks. Það er með nokkrum fádæmum að unnt sé að skipta fólki svo auðveldlega í tvo jafnstóra hópa eftir því hvort það hefur vaxtarsjálfi eða festusjálfi. Dweck kannast við það í nýjustu bók sinni að hún ýki muninn til einföldunar; engu að síður er ekki annað að sjá í rannsóknum hennar en þessi munur komi skipulega fram. Er aðferðafræðin þá viljandi bjöguð? Ef ég spyr nemendur mína hvort þeir telji greind óbreytanlega eða breytanlega fæ ég sjaldan svona klár og kvitt annaðhvort–eða svör. Sama gildir um hina ströngu tvíhyggju hennar um hrós. Það er undarlegt ef orðalag hróssins skiptir svona gríðarmiklu máli. Hljútur barn að misskilja hrósyrdin „Þú ert klár!“ þannig að þau merki „Þú ert klár óháð því hverju þú áorkar“ og á sama hátt að túlka „Þú hefur lagt þig fram við þetta og náð góðum árangri“ nauðsynlega svo: „Þú hefur haft erindi sem erfiði hér en það segir ekkert um hvernig þér vegnar í framtíðinni nema

þú leggir þig eins fram þar.“ Það er ekki að furða þótt sumum foreldrum þyki ráðgjöf Dweck um hrós langsótt og yfirborðskennd.

Dweck hafnar ekki beinlínis hlutlægum sannleika um sjálf fólks. Hún gerir hins vegar lítið með hverjir raunverulegir eiginleikar okkur séu; öllu skipti hverja við teljum þá vera og hvernig við skiljum eðli þeirra (sem fast eða hreyfanlegt). Hún minnst hvergi á þá staðreynd að hefðbundin greindarpróf hafa reynst mjög áreiðanleg – þótt deila megi um réttmæti þeirra – og að persónuleikaeinkenni sem þekkt persónuleikapróf mæla hafa reynst mjög stöðug. Ef maður léti þessi sannindi í ljós í svörum við spurningalistum hennar yrði maður strax flokkaður sem óforbetranlegur festudurur. Frá heimspekilegu sjónarmiði er afleitt að hún skuli ekki greina á milli þeirra sjónarmiða að mörgu í eðli okkar sé erfitt að breyta (sem er ugglaut satt) og að sumu sé ómögulegt að breyta (sem er í mörgum tilfellum rangt). Bæði sjónarmiðin féllu samkvæmt Dweck undir „festukenningu“.

Dweck bendir réttilega á að kenning sín leggi sálfræðilegan skýringargrunn að sjálfsþroska almennt og sérílagi róttækum sjálfshvörfum. Samt er margt í kenningu

Ég er því miður ekki viss um að kennari sem sæti uppi með erfiðan bekk unglinga með „festusjálfi“, brotna sjálfsmynd og kulnaðan námsáhuga gæti sótt nógu mörg hagnýt ráð í rannsóknir Dweck. Engu að síður er bók hennar um sjálfskenningarnar holl og hressandi lesning fyrir kennara.

hennar óljóst í besta falli og þversagnakennt í því versta. Hún hamrar á því að sjálfshvörf séu torsótt: „að sleppa taki á sjálfinu sem verið hefur manns eigið um árabíl“. Sjálfshvörf eru engu að síður möguleg en aðeins fyrir þá sem hafa vaxtarsjálfi. Hvernig geta þeir sem hafa festusjálfi þá breytt sjálfum sér? Dweck ýjar að því að þeim sem hafa slíkt sjálf séu ekki allar bjargir bannaðar; en við vitum ekki glöggst hvers konar meðferð þeir þurfi á að halda nema sækja tveggja mánaða vinnusmiðju Dweck sjálftrar um vaxtarsjálfið. Hún lætur, sjálfsagt af viðskiptaástandum, lítið uppi um hvað þar fari fram. Ég er því miður ekki viss um að kennari sem sæti uppi

með erfiðan bekk unglinga með „festusjálfi“, brotna sjálfsmynd og kulnaðan námsáhuga gæti sótt nógu mörg hagnýt ráð í rannsóknir Dweck. Engu að síður er bók hennar um sjálfskenningarnar holl og hressandi lesning fyrir kennara enda skrifuð á mannamáli og tekur til umfjöllunar ýmis þau efni tengd einstaklingsmiðuðum þroska og menntun sem mest mæða á skólafólki beggja vegna kennarabörðsins.

Kristján Kristjánsson
Höfundur er prófessor í heimspeki menntunar við Kennaraháskólann og Háskólann á Akureyri.

KJARASAMNINGAR

Grunnskólakennarar undirrituðu 28. apríl

Samningar renna út á sama tíma og samningar annarra starfsmanna sveitarfélaga eða í maílok 2009

Samninganefndir Félags grunnskólakennara og Launanevndar sveitarfélaga undirrituðu kjarasamning klukkan hálf tvö í húsa- kynnum ríkissáttasemjara 28. apríl sl. Núverandi samningur rennur út 31. maí nk. og laun grunnskólakennara hækka um 25 þúsund krónur 1. júní. Kjarasamningurinn gildir frá 1. júní 2008 til 31. maí 2009. Það eru nýmæli að samið sé áður en fyrri kjarasamningur rennur út og ný vinnubrögð hafa verið viðhöfð í samningaviðræðunum sem talin eru skila góðum árangri.

Í fréttatilkynningu frá samninganefndum Félags grunnskólakennara (FG) og Launanevndar sveitarfélaga (LN) sagði meðal annars: „Þegar formlegar kjaraviðræður hófust í febrúarmánuði sl. voru aðilar sam- mála um að í upphafi yrði samið um sameiginleg markmið og gengu þeir samningar greiðlega. Fyrsta markmiðið er að grunnlaun og starfskjör kennara verði jöfnuð við laun annarra háskólamenntaðra starfsmanna sem sinna sambærilegum störfum, þannig að laun og önnur kjör kennara verði samkeppnisfær við kjör samanburðar- hópa. Þetta þýðir m.a. að hækka þarf sérstaklega laun yngstu kennara og þyrjenda vegna þess að staða þeirra var mun lakari en viðmiðunarhópa.

Í þeim samningi sem nú hefur verið undirritaður er þessari jöfnun og leiðréttingu náð í þremur áföngum.

Þann 1. júní nk. hækka laun kennara um 25.000.- kr. á mánuði. Með því er að hluta verið að færa launataxta að greiddum launum þar sem yfirborganir hafa átt sér stað. Við upphaf næsta skólaárs þann 1. ágúst, bætast 9.000.- kr. inn í launatöflu auk þess sem uppbyggingu hennar er breytt til hagsbóta fyrir yngri kennara. Lokaáfangi að framangreindu marki er síðan náð 1. október nk. Þegar öll starfsheiti hækka um einn launaflokk. Þessar þrjár hækkunir, fyrir þá sem ekki



hafa notið yfirborgana, nema samtals um 15-23% á grunnlaun eftir aldurshópum. Þann 1. janúar 2009 hækka laun síðan um 2,5%. Á þessu ári má vænta að launakostnaður sveitarfélaga vegna þessa samnings hækki um 1,2 milljarða króna.“

Skrifleg atkvæðagreiðsla um kjarasamning grunnskólakennara stendur yfir frá 9. – 14. maí og trúnaðarmenn KÍ annast fram- kvæmdina.

keg

Stjórnendur í grunnskólum undirrituðu 30. apríl

Atkvæðagreiðslu lýkur 15. maí

Stjórnendur í grunnskólum skrifuðu undir sinn fyrsta sjálfstæða samning klukkan þrjú síðdegis þann 30. apríl sl. Samningurinn hefur verið kynntur í deildum Skólastjórufélags Íslands (SÍ) og atkvæðagreiðslu um hann lýkur 15. maí.

Stór skref voru stigin við að ná sameiginlegum markmiðum skólastjórnenda í grunnskólum og viðsemjenda þeirra sem samþykkt voru þann 3. mars 2008 og áfram verður unnið að því að ná þeim við gerð næsta kjarasamnings enda eru þau hluti samningsákvæða. Markmiðin eru m.a. að jafna laun og önnur starfskjör stjórnenda í grunnskólum og annarra háskólamenntaðra stjórnenda hjá sveitarfélögum sem sinna sambærilegum störfum og að taka upp þróunarverkefni um tímabundin viðbótarlaun (TV einingar). Um tímabundin viðbótarlaun segir meðal annars í samningnum: „Með tímabundnum viðbótarlaunum er búinn til farvegur fyrir greiðslur vegna ýmiss konar aðstæðna sem hafa áhrif á starfsmanninn og vinnuframlag hans sem í eðli sínu eru tímabundnar. Slíkar aðstæður geta falist í tímabundnu álagi og verkefnum umfram eðlilegar aðstæður, s.s. vegna þróunar- og átaksverkefna, frammistöðu- og hæfnismats eða vegna markaðs- og samkeppnisáðstæðna.“

Samningurinn hefur sama gildistíma og kjarasamningur grunnskólakennara eða frá 1. júní 2008 – 31. maí 2009.

keg

Reiknivél fyrir grunnskólakennara

Á vef Austurgluggans, austurglugginn.is, er reiknivél sem reiknar út launahækkun grunnskólakennara og var sett upp í framhaldi af undirritun kjarasamnings eða þann 29. apríl sl. Reiknivélin er í stíkkunni efst á forsiðu vefjarins.

Í frétt á vef Austurgluggans segir: Grunnskólakennarar munu kjósa um nýgerða kjarasamninga fyrri hluta maímánaðar. Nú hafa samningsaðilar náð lendingu áður en kjarasamningur rennur út. Austurglugginn.is hefur látið útbúa reiknivél hér á vefnum sem reiknar nákvæmlega út fyrir grunnskólakennara hver launahækkun þeirra verður ef þeir samþykkja samninginn. Reiknivélin er byggð á forsendum nýgerðs kjarasamnings.

Önnur aðildarfélög líka með lausa samninga á þessu ári

Kjarasamningur framhaldsskólans rann út í apríllok og framhaldsskólakennarar eru í samningaviðræðum. Tónlistarskólakennarar og leikskólakennarar eru samningsbundnir til 30. nóvember á þessu ári.

Aðalfundur hjá KFR

Tveimur dögum eftir að samningur FG var undirritaður var aðalfundur hjá KFR

KFR stendur fyrir Kennarafélag Reykjavíkur, en það er stærsta svæðafélagið í FG, Félagi grunnskólakennara. Félagsmenn í KFR eru um 1500 og í FG um 4500. Félagsmenn KFR starfa í 44 grunnskólum í Reykjavík. Formaður KFR var sjálfkjörinn á fundinum, Þorgerður L. Diðriksdóttir, og hún sagði meðal annars um samninga og samningsumhverfi í erindi sínu: „Við grunnskólakennarar á landsvísi erum nýbúin að gera samning til eins árs



sem tekur gildi um mánaðamótin maí-júní ef hann verður samþykktur af félagsmönnum. Kosíð verður um samninginn fyrri hluta maímánaðar. Mikill óróleiki er ríkjandi á vinnumarkaði og nauðsynlegt að halda vel á spöðunum en styrkur þessa samnings felst að mínu persónulega mati í því að hann er til skamms tíma, það er eins árs, og með honum dregur verulega saman með kennurum og helstu viðmiðunarstéttum þeirra. Ég hvet hins vegar hvern einasta félagsmann Kennarafélags Reykjavíkur til að skoða samninginn vel og greiða atkvæði sitt í samræmi við það sem honum finnst innst inni eftir að hafa skoðað hug sinn, vegna þess að það er enginn sem ákveður hvernig maður ráðstafar atkvæði sínu nema maður sjálfur. Þrátt fyrir ágæta skammtímasamninga erum við í hnattrænu umhverfi á öllum sviðum og niðurskurður í tveimur undirstöðum hvers samfélags, menntakerfi og heilbrigðiskerfi, er staðreynd og í sífellu er grafið undan þessum tveimur meginstöðum. Við kennarar erum þeir einu sem geta spornað við árásum á skólann og á okkar starf sem meðal annars birtast í auknu skrifræði, lágum launum, auknum kröfum um vinnuframlag, sífellt fleiri verkum, meira eftirliti með okkur og nemendum og aukinni stöðlun í þágu skilvirkni og árangurs.“

Fréttir af samningum, viðræðum, atkvæðagreiðslum og fleiru sem tengist kjaramálum kennara eru á www.ki.is og á undirsíðum aðildarfélaga.



ÓSTÖÐUGLEIKI



STÖÐUGLEIKI

Tryggðu þína framtíð.

Hjá Allianz sparar þú í evrum.

Viðbótarlífeyrissparnaður



- tryggir þína framtíð

Allianz Ísland hf. | Laugavegur 176 | 105 Reykjavík | 595 3300 | allianz@allianz.is | allianz.is | BYR er eigandi Allianz á Íslandi

NÝTT FRÆÐSLUEFNI

Hægt er að skoða efnið og panta á:
www.lydheilsustod.is - **Utgáfur**



Ráðleggingar um hreyfingu



Ráðleggingar um heilsueflingu á vinnustöðum



Handbók um mataræði aldraðra



LYÐHEILSUSTÖÐ

Satt best að segja reynist það sjaldan farsælt að þvinga skóla til að hverfa frá vel rökstuddri skólustefnu til þess eins að uppfylla væntingar stjórnálmannsins.



Kennaralaun og skólustarf í innlendu og alþjóðlegu samhengi

Fjórða þing Kennarasambands Íslands var haldið 9. - 11. apríl sl. undir yfirskriftinni *Kennaralaun og skólustarf í innlendu og alþjóðlegu samhengi*. Með skömmum fyrirvara fékkst staðfest að Thulas Waltermade Nxesi, forseti Alþjóðasambands kennara, myndi sækja þingið heim og ávarpa það. Annar aðalfyrirlesari þingsins var Þorvaldur Gylfason. Þingið var með nokkuð öðru sniði en vanalega og kom þar tvennt til. Að tillögu Elnu Katrínar Jónsdóttur varaformanns KÍ var að þessu sinni ekki lögð áhersla á eitt þema heldur röðuðu þingfulltrúar sér niður á nokkrar málstofur og fjallað var um eitt viðamikild málefni í hverri. Viðfangsefni málstofanna voru eftirfarandi:

- Áhrif þenslu/samdráttar á kjör kennara og skólustarf almennt.
- Hlutverk skóla sem uppeldisstofnunar í samfélaginu.
- Ný lög, nýr skóli? Málstofa um menntafrumvörpin.
- PISA og hvað svo?
- Kennarasamband framtíðarinnar. Hlutverk/þjónusta stéttarféлага.
- Líðan kennara og agaleysi í samfélaginu.

Í öðru lagi var farin sú leið, að tillögu Hannesar K. Þorsteinssonar skrifstofustjóra KÍ, að raða ekki í salinn eftir félögum eins og gert hefur verið hingað til og hvetja með þeim hætti til þess að fólk setti sig niður í sal þvert á skólastig og aðildarfélög. Hvorttveggja málstofur og sætaskipan mæltist mjög vel fyrir og þótti koma vel út. Þá þótti ávarp Thulasar mjög gott og fyrirlestur Þorvaldar í senn innihalds- og áhrifaríkur. Auk þeirra ávarpaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra þingið og var sömuleiðis gerður góður rómur

að máli hennar. Þrír erlendir félagar komu á þingið auk Thulasar; þau Lillemor Darinder framkvæmdastjóri NLS, Magnus Tausen formaður Færeyja Lærarafélags og Per Hellström stjórnarmaður í Lärarförbundet í Svíþjóð.

Þingið var haldið á Grand hóteli og sett þann 9. apríl klukkan 14:30. Í setningarávarpi sínu sagði **Eiríkur Jónsson** formaður KÍ meðal annars: „Starf kennara er og hefur verið samofið lífi íslensku þjóðarinnar um áratuðir og áhrif kennara í samfélaginu hafa vissulega verið mikil. Kennsla hefur í árána rás verið hugsjónastarf og er það að vissu leyti enn. Það hefur sannarlega oft verið erfitt að feta einstigið milli hugsjónarinnar og baráttunnar fyrir því að geta lifað af starfinu. Þannig hafa kennarar til dæmis margoft þurft að grípa til aðgerða til að vekja athygli á starfskjörum sínum því miður hefur árangurinn ekki alltaf verið í samræmi við væntingar en gleymum því ekki að margt hefur þó áunnist í baráttunni. Okkur hættir oft og tíðum til að horfa um of á það neikvæða en láta hið jákvæða fram hjá okkur fara án þess að taka eftir því. Hver viðhorfskönnunin á fætur annarri staðfestir að kennarar njóta mikillar virðingar í þjóðfélaginu og eru oftast meðal þeirra stétta sem eru í þremur efstu sætum í slíkum könnunum. Þá er einnig athyglisvert að í niðurstöðum könnunar sem birtust ekki alls fyrir löngu voru kennarar sú stétt sem flestir vildu að kæmist til meiri áhrifa í þjóðfélaginu. Þessu hefur ekki verið haldið mikið á lofti og þar hefðum við eflaust getað gert betur. Þegar ég nota heitið kennari í erindi þessu á ég við kennara, skólustjórnendur og ráðgjafa eða með öðrum orðum félagsmenn í Kennarasambandi Íslands. Hvers getur ein stétt óskað sér frekar en að njóta hvað



mests trausts samborgara sinna og vera í þeirri stöðu að fólk vilji kalla hana til frekari áhrifa í samfélaginu? Þetta tvennt er afar mikilvægt fyrir stéttina og ber sannarlega að meta mikils. Óskandi væri hins vegar að sú stétt sem hvað lakast kemur út úr könnunum af þessu tagi, þ.e.a.s. þingmenn, tækju meira mark á þessum niðurstöðum og virtu þær með gjörðum sínum. Það getur oft verið átakanlegt að horfa upp á átök milli fagmennsku kennara og sjálfstæðis skóla annars vegar og hins vegar hugsjóna stjórnálmamannsins sem telur sig vita best hvað skólustarfi sé fyrir bestu. Því miður höfum við stundum þurft að horfa upp á átök um skipulag skólustarfs milli kennara og þeirra sem bera pólitíska ábyrgð á skólustarfinu. Satt best að segja reynist það sjaldan farsælt að þvinga skóla til að hverfa frá vel rökstuddri skólustefnu til þess eins að uppfylla væntingar stjórnálmamannsins. Mér finnst kominn tími til þess að stjórnálmamenn virði sérfræðiþekkingu kennara að fullu og treysti þeim fyrir þeim málaflökki sem þeir eru færastir um að sinna. “Ávarp Eiríks í heild er á www.ki.is og hann kemur inn á marga áhugaverða þætti, það er óhætt að mæla með því við lesendur að bera sig eftir ávarpinu.

keg

„Aldrei má hvika frá jafnrétti til náms“

segir Hörður Zóphaniasson, fyrrverandi kennari og skólustjóri



Hörður Zóphaniasson

Einn af fulltrúum á nýafstöðnu þingi Kennarasambands Íslands var Hörður Zóphaniasson fyrrverandi skólustjóri Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Hörður var tekinn tali og fyrst spurður að því af hverju hann væri fulltrúi á Kennarasambandsþinginu þar sem hann væri löngu hættur kennslu og skólustjórn.

„Ég er varaformaður í Félagi kennara á eftirlaunum og var einn af fjórum fulltrúum þess félags á þinginu.“

Þetta er áreiðanlega ekki fyrsta kennaraþingið sem þú situr, eða hvað?

„Nei, þau eru orðin nokkuð mörg kennaraþingin mín. Ég hef ekki tölu á þeim. Ég byrjaði að kenna norður á Hjalteyri við Eyjafjörð haustið 1954 og fljótlega upp úr því sat ég mitt fyrsta kennaraþing. Allar götur síðan hef ég öðru hvoru átt sæti á kennaraþingum en ég held að ég hafi aldrei setið þau eins illa og þetta þing nú.“

Hvernig stóð á því, eru það kannski ellimörk?

„Það má vel vera, en fleiri ástæður komu til. Ég þurfti að fylgja tveimur vinum til grafar þessa daga. Hækkandi aldri fylgja fleiri jarðarfari. Svo hefi ég séð um bókmenntahóp innan Félags kennara á eftirlaunum í nokkur ár og einn þingdaginn var síðasti fundur okkar í vetur og ég varð að sinna

Mér fannst margt af því sem hann sagði um það athyglisvert en sumt varasamt í okkar græðgisvædda þjóðfélagi. Frá einu má aldrei hvika. Það er jafnrétti til náms, að menntunin verði aldrei forréttindi hinna ríku.

mínum skyldum þar. Þá voru saman komnir í Kennarahúsinu tuttugu kennarar á eftirlaunum ásamt Nirði P. Njaróvík sem las úr ljóðum sínum og sagði okkur frá SPES-samtökunum, en það eru samtök sem taka að sér munaðarlaus börn í Afríku og veita þeim kennslu í skóla sem þau reka, sjá þeim fyrir menntun allt til 18 ára aldurs. Það er mjög áhugaverð og þörf starfsemi. Njörður hafði áhugasama áheyrendur bæði þegar hann las upp ljóð sín og er hann sagði okkur frá tilurð og starfi SPES-samtakanna.“

Með aukinni tækni kemst boðskapur þinganna betur til skila

Þegar þú horfir um öxl, Hörður, til allra þessara kennaraþinga sem þú hefur setið, finnst þér þau hafa breyst mikið?

„Ekki hvað kjarnann snertir. Áhuginn á starfinu, viljinn til að gera skólafarfið sem best úr garði og sárindi vegna gildismats samfélagsins á því menntunar- og uppeldisstarfi sem verið er að vinna í skólunum og birtist glögg í lélegum launakjörum, þetta allt hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum kennaraþingin sem ég hefi tekið þátt í.“

En með vaxandi tækni og síaukinni reynslu hafa starfshættir þinganna nokkuð breyst. Menn flytja nú mál sitt með aðstoð góðra hjálpartækja og boðskapur þeirra kemst betur til skila með þeim hætti.“

Hvað segir þú um þetta þing nú?

„Það var vel skipulagt og til sóma fyrir okkur öll. Þar voru flutt góð og áhugavekjandi ávörp og framsögur, störf í nefndum og málstofum tryggðu að flestir þingfulltrúa tóku virkan þátt í því sem var að gerast, því að alls staðar voru mikilvæg og brennandi mál til umræðu. Þetta var lifandi þing þar sem fram fór lýðræðisleg umfjöllun sem var í senn vekjandi og gefandi.“

Framtíðin þarfnast gróskumikils og leitandi skólafarfi

Hvað viltu nefna af því sem þú heyrðir og sást á þinginu?

„Strax í upphafi þingsins í ávarpi menntamálaráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, og í máli Þorvaldar prófessors Gylfasonar, kom fjölmargt athyglisvert fram sem kannski skildi eftir fleiri spurningar en svör um framtíð íslenskra skólamála. Þetta var vakandi fólk sem talaði með áhuga og af krafti og kunnáttu um málefni sem því var sýnilega hugleikið. Það var notalegt að heyra menntamálaráðherrann tala máli bættra launakjara kennurum til handa. Og það var spennandi að fá álit hennar á þeim viðfangsefnum sem bíða okkar, þótt ekki væri ég henni sammála um sumt. En áhugi hennar til að gera vel leyndi sér ekki.“

Þorvaldur Gylfason flutti afburða greinargott erindi. Hann var ómyrkur í máli og skoðunum. Hann talaði meðal annars um að það þyrfti að markaðsvæða skólafarfið.

Mér fannst margt af því sem hann sagði um það athyglisvert en sumt varasamt í okkar græðgisvædda þjóðfélagi. Frá einu má aldrei hvika. Það er jafnrétti til náms, að menntunin verði aldrei forréttindi hinna ríku. Það vildi Þorvaldur tryggja með löggjöf um almannatryggingar. Að mínu mati verður sú löggjöf að liggja fyrir áður en gefið er grænt ljós á að markaðsvæða skólakerfið. Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

Lifandi, gróskumikið og leitandi skólafarfi, framsækið og frjálshuga, sem tekur mið af lýðræði og mannhelgi, er það sem framtíðin þarfnast,“ sagði Hörður Zóphaniasson, sem líklega hefur setið fleiri kennaraþing en aðrir þingfulltrúar á þessu 4. þingi Kennarasambands Íslands.

Geir Guðsteinsson.



Kennarar og nemendur eru fyrst og fremst mannverur en einnig mannaúður og æskilegast væri að skólustarf um allan heim miðaðist við það. Allt árangursmat verður einhæft þegar miðað er við að samræmd próf séu eini mælikvarðinn á árangur kennara í bekk, það segir lítið til um þann árangur sem kennarinn hefur verið að ná allt skólaárið með nemendum sína.

Menntun er sjálfsögð mannréttindi

Thulas Waltermade Nxesi, forseti Alþjóðasambands kennara, Education International (EI), sagði í upphafi ávarps síns að víða í heiminum berðust kennarar hart fyrir bættum kjörum og t.d. væri framundan verkfall kennara á Bretlandi, það viðtækasta sl. tuttugu ár. Thulas sagði það núturlega staðreynd að um 200 milljón börn væru án kennslu í heiminum og flest þeirra án möguleika á kennslu. Á sama tíma væri milljörðum dollara varið til stríðsreksturs sem oft bitnaði á börnum, jafnvel í sömu löndum og kennsla væri engin eða af mjög skornum skammti.

Sameining og samtakamáttur kennara í heiminum má vera meiri og Thulas sagðist vona að það stæði til bóta þar sem aðstaða kennara væri að batna í mörgum löndum, einnig í Suðrinu. Engin samstaða þýddi einfaldlega nánast enginn árangur. Á seinni hluta síðustu aldar hefði það ekki verið talið mögulegt að starfrækja samtök á borð við Education International. Það hafi hins vegar orðið mögulegt þegar flestum varð ljóst mikilvægi þess að mennta, sameina og efla samskipti kennara um allan heim. Það hefði tekist með mikilli þolinmæði, með því að byggja traust milli kennara milli heimsálfa og auka skilning á sameiginlegum þörfum kennara um allan heim og einnig mismunandi þörfum eftir heimshlutum. Hluti af alþjóðlegri samstöðu væri að verjast árásum stjórnvalda sem hefðu sums staðar, til dæmis í Suður-Ameríku, reynt að draga úr kennslu eða jafnvel leggja hana niður í ákveðnum héruðum. Alþjóðleg samstaða hefði komið í veg fyrir það.

Engin menntun – bara fátækt

Thulas bað þingfulltrúa að hugleiða hvað biði þeirra barna um allan heim sem fengju ekki að njóta skólagöngu. Svar við því væri raunar einfalt, allflest þeirra biði fátækt. Alþjóðleg kennarasamtök yrðu að sýna það pólitíska hugrekki að berjast gegn menntunarskortri, ekki síst þar sem hann væri

almennastur. Hann bað þingfulltrúa einnig að hugleiða hvaða framtíð stæði börnum á Íslandi í náninni framtíð til boða, hvaða menntunarmöguleikar, hvers konar þjóðfélag. „Fólk er ekki fjárfestingarmöguleiki,“ sagði Thulas, „það er verur með tilfinningar og þrár og því verður stöðugt að þrýsta á um frekari menntun til allra íbúa heimsins.“ Hann hvatti kennara til að gera kennarastarfið áhugaverðara til að fá enn fleira ungt fólk til þess að leggja fyrir sig kennaranám. Gera yrði ríkisstjórninni betur ljóst mikilvægi þess, stjórnvöld væru fulltrúar fólksins, þau væru fólkið sjálft. „Við kennarar eigum ekki að vera þöglir þátttakendur í þjóðfélaginu, við eigum að taka þátt í því af fullum mætti, við eigum að gera áhrif kennarastéttarinnar meira áberandi, og þá um leið að gera þjóðfélagið betra,“ sagði Thulas Waltermade Nxesi, forseti Education International á þingi Kennarasambands Íslands.

„Alþjóðasamband kennara á ekki síst að berjast fyrir mannréttindum“

-segir Thulas W. Nxesi, forseti Alþjóðasambands kennara.

Thulas W. Nxesi, forseti Alþjóðasambands kennara, sagði í stuttu viðtali eftir að hafa ávarpað þing Kennarasambands Íslands nú í apríl að samtökin ættu að leggja megináherslu á gæði opinberrar menntunar. Hún væri fyrir alla og því fælust vissar hættur í að einkavæða menntakerfi lands, meðal annars sú að ekki ættu allir þess kost að njóta opinberrar menntunar, ekki síst af fjárhagsástæðum. Hætta væri á að einkavæðingin kæmi fyrst og fremst hinum efnameiri að gagni og leiddi þar með til vaxandi stéttamunar í viðkomandi löndum, jafnvel þar sem stéttamunur væri þegar mjög mikill, afleiðingin hlyti að verða aðskilnaður í þessum samfélögum, ekki bara milli kynþátta.

„Menntun er fjárfesting til langrar fram-

tíðar en ekki peningahít sem sífellt er hægt að ausa úr. Menntun gengur ekki út á að framleiða sérhæfða starfsmenn fyrir atvinnulífið, það gengur ekki að flytja viðskiptahugmyndir eða einhver „módel“ inn í skólastofurnar, það er hins vegar hægt þegar verið er að framleiða dauða hluti. Kennarar og nemendur eru fyrst og fremst mannverur en einnig mannaúður og æskilegast væri að skólustarf um allan heim miðaðist við það. Allt árangursmat verður einhæft þegar miðað er við að samræmd próf séu eini mælikvarðinn á árangur kennara í bekk, það segir lítið til um þann árangur sem kennarinn hefur verið að ná allt skólaárið með nemendum sína,“ segir Thulas Nxesi.

Thulas segist fylgjast af athygli með kjara-baráttu kennara á Norðurlöndum, þeir eigi að útvíkka þá starfsemi og berjast á alþjóðavísu fyrir réttindum á vinnumarkaði, þeir hafi óðlast nokkra reynslu á því sviði og ekki væri óeðlilegt að inn í það fléttadist baráttu fyrir réttindum kvenna og barna. Thulas segir að samstarf þróaðra og van-þróaðra ríkja eigi ekki bara að snúast um peningagjafir vestrænna ríkja heldur eigi t.d. evrópskir og afrískir kennarar að skiptast á hugmyndum, deila reynslu sinni og koma þurfi upp farsælu skiptikennaraverkefni.

Aukið félagsfrelsi kennara

Thulas segir að Education International (EI) telji um þrjátíu milljón félagsmenn í þrjátíu löndum sem spanni alla flórana, allt frá leikskólakennurum til háskólaprófessora. Í þessum þjóðlöndum eigi EI að vera fyrst og fremst mannréttindasamtök sem hafi það ekki síst á stefnuskrá sinni að auka félagsfrelsi kennara en ekki síður það háleita markmið að öll ríki veiti börnum sínum ákveðna grunnmenntun innan átta til tíu ára. Þó að langt sé í það geti það sem best verið langtímamarkmið, það sé víða erfitt, m.a. í heimalandi hans, Suður-Afríku, sem hefur um 235 þúsund kennara innan sinna vébanda.



Leik- og grunnskólakennarar – Spennandi starfstækifæri

GRUNNSKÓLAR

Brúarásskóli

auglýsir eftir kennurum frá og með næsta skólaári.

Um er að ræða kennslu í íslensku, samfélagsfræði, upplýsingatækni, náttúrufræði, heimilisfræði og íþróttum.

Auk þess vantar umsjónarkennara á mið- og unglingsstigi.

Brúarásskóli er fámennur dreifbýlisskóli, með um 40 nemendur í 1.-10. bekk. Alla jafna er kennt í 4 samkennsluhópum.

Skólinn hefur ríka hefð fyrir starfi á grundvelli einstaklingsmiðaðs náms og á undanförunum árum hefur skólinn unnið sérstaklega með samþættingu námsgreina.

Nánari upplýsingar veitir starfandi skólastjóri, **Stefanía Malen Stefánsdóttir**, í síma 4 700 625 eða á netfanginu stefaniam@fljotsdalsherad.is Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/bruarasskoli

Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum

auglýsir eftir kennurum frá og með næsta skólaári.

Meðal kennslugreina: Almenn bekkjarkennsla, smíðar, textílmennit og tónmennt.

Í skólanum eru rúmlega 360 nemendur. Verið er að hefja framkvæmdir við tvöföldun skólahúsnæðis Egilsstaðaskóla.

Nýir kennarar eru boðin velkomnir í hópinum á spennandi uppbyggingartímum bæði í skólastarfinu og umhverfi skólans.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, **Sigurlaug Jónasdóttir**, í síma 4 700 605 eða á netfanginu sigurlaug@fljotsdalsherad.is Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/egilsstadaskoli

Hallormsstaðaskóli

auglýsir eftir kennurum frá og með næsta skólaári.

Um er að ræða kennslu í dönsku, samfélagsfræði, textílmennit og íþróttum auk kennslu yngri barna.

Hallormsstaðaskóli er fámennur samkennsluskóli með um 50 nemendur, staðsettur í hjarta Hallormsstaðaskógar.

Aðstaða til útikennslu er einstök og ein kennslustofa skólans er í skóginum. Skólinn leggur ríka rækt við kennslu list- og verkgreina og hefur langa hefð fyrir starfi á grundvelli einstaklingsmiðaðs náms.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri, **Pétur Þorsteinsson**, í síma 4 700 630 eða á netfanginu petur@fljotsdalsherad.is Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/hallormsstadaskoli

LEIKSKÓLAR

Leikskólinn Brúarási

auglýsir eftir leikskólakennara frá og með næsta skólaári.

Leikskólinn er einnar deildar leikskóli, starfræktur í húsnæði Brúarásskóla og starfar í mjög nánu samstarfi við grunnskólann.

Nánari upplýsingar veitir Guðmunda Vala Jónasdóttir í síma 4 700 678 - 4 700 670 eða á netfanginu vala@fljotsdalsherad.is

Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/bruarasleikskoli

Leikskólinn Hádegishöfði

auglýsir eftir leikskólakennurum frá og með næsta skólaári.

Leikskólinn Hádegishöfði er tveggja deilda leikskóli í Fellabæ. Undirbúningur að stækkun leikskólans er á lokastigi.

Skólastarfið tekur mið af hugmyndafræði Reggio Emilia.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri, **Guðmunda Vala Jónasdóttir**, í síma 4 700 670 eða á netfanginu vala@fljotsdalsherad.is Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/hadegishofdi

Leikskólinn Skógarsel

auglýsir eftir leikskólakennara frá og með næsta skólaári.

Leikskólinn Skógarsel er einnar deildar leikskóli, starfræktur sem sjálfstæð stofnun í húsnæði Hallormsstaðaskóla.

Skógarsel notar hið einstæða umhverfi sem mótandi þátt í skólastarfinu og skilgreindir hluti starfsins fer fram í skóginum.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri, **Dísa María Egilsdóttir**, í síma 4 700 675 eða á netfanginu disa@fljotsdalsherad.is

Leikskólinn Skógarland

auglýsir eftir leikskólakennurum, deildarstjórum og sérkennslustjóra frá og með næsta skólaári.

Leikskólinn Skógarland er nýr 6 deilda leikskóli á Egilsstöðum, starfsemi er hafin á 5 deildum.

Áherslur í starfi skólans taka mið af hollustu, hreyfingu og uppgötvunarnámi.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri, **Hanna Málfríður Harðardóttir**, í síma 4 700 660 eða á netfanginu hanna@fljotsdalsherad.is Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/skogarland

Leikskólinn Tjarnarland

auglýsir eftir leikskólakennurum og deildarstjórum frá og með næsta skólaári.

Leikskólinn Tjarnarland er rótróinn leikskóli á „skólatorfunni“ á Egilsstöðum. Skólastarfið tekur mið af hugmyndafræði Reggio Emilia. Á næsta skólaári verður unnið að þróunarverkefni sem felst í að þróa innra starf leikskólans fyrir 5 ára nemendur og að efla enn frekar samstarf við eldri borgara.

Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri, **Aðalbjörg Pálsdóttir**, í síma 4 700 650 eða á netfanginu adalbjorg@fljotsdalsherad.is Heimasiðu skólans má finna á www.fljotsdalsherad.is/tjarnarland

Hæfniskröfur í ofangreindar stöðum:

- Leikskóla- eða grunnskólakennaramenntun eftir því sem við á.
- Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði.



Umsóknir með ferilskrá merkt þeim grunn- og leikskólum sem við á skal senda á:

Fljótsdalshérað

Lyngási 12,

700 Egilsstaðir

í síðasta lagi 23. maí nk.

TÓNLISTARKENningar

Á Fljótsdalshéraði eru þrjú tónlistarskólar, í Brúarási, í Fellabæ og á Egilsstöðum en frá skólanum á Egilsstöðum er jafnframt starfrækt útibú í Hallormsstaðaskóla.

Lausar stöður við tónlistarskóla sveitarfélagsins næsta skólaár verða auglýstar á næstunni en þeim sem hafa áhuga á að starfa við skólana er bent á að hafa samband við skólastjóra þeirra.

Á Egilsstöðum:

Steingrímur Birgisson, s. 4 700 645 eða á netfanginu steingrimur@fljotsdalsherad.is – fljotsdalsherad.is/tonegilsstodum

Í Fellabæ:

Drífa Sigurðardóttir, s. 4 700 646 eða á netfanginu drifas@fljotsdalsherad.is – fljotsdalsherad.is/tonfellabae

Í Brúarási:

Sucana Slamning, s. 4 700 628 eða á netfanginu sucana@fljotsdalsherad.is – fljotsdalsherad.is/tonbruaras

Fljótsdalshérað

er vaxandi sveitarfélag sem býður upp á fjölskylduvænt umhverfi. Héraðið er rómað fyrir veðurlíðu, náttúrufergurð og blómlegt mannlíf. Í samþykktri stefnu setur Fljótsdalshérað sér að verða ávallt meðal þriggja öflugustu þekkingarsvæða á landsbyggðinni. Vinnu við metnaðarfulla, heildstæða menntastefnu sem horfir til alls menntastarfs í sveitarfélaginu, er að ljúka um þessar mundir.





Sterk ímynd hinna hefðbundnu tónlistarskóla ekki sjálfgefin þegar til lengri tíma er litið, segir Ólafur Elíasson

- mikilvægt að tónlistarskólakennarar móti sjálfir og stýri umræðunni um framtíð tónlistarmenntunar

Ólafur Elíasson píanóleikari og píanókennari við Tónlistarskóla Garðabæjar stundar MBA nám við Háskóla Íslands um þessar mundir. Hann hefur mikinn áhuga á málefnum tónlistarskóla í víðum skilningi og segir þörf fyrir aukna, ígrundaða og málefnalega umræðu bæði um tilhögun og gildi tónlistarmenntunar í landinu.

Ólafur hefur í námi sínu í HÍ unnið verkefni sem tengjast starfi tónlistarskólanna í landinu, þ. á m. um breytingar sem eru að verða á umhverfi þeirra, og beitt meðal annars kenningum skipulagsfræðanna, *organization theory*. Breytingarnar eru margþættar en þær helstu eru samræming námskrár tónlistarskóla við almenna skólakerfið, færsla hljóðfærakennslu inn í grunnskólana og tilkoma hinna mörgu einkaskóla sem bjóða fram hljóðfærakennslu, oft í nýjum hverfum á höfuðborgarsvæðinu. Þessir einkaaðilar, sem margir bjóða upp á frambærilega tónlistarkennslu, gera í auknum mæli tilkall til þess að þeir fái sambærlegt fjármagn frá sveitarfélagi til sinnar starfsemi og hefðbundnir tónlistarskólar. Ólafur telur afar mikilvægt að tónlistarskólakennarar standi fyrir málefnalegri umræðu um stöðu og markmið tónlistarskóla og láti ekki þær breytingar sem fyrirsjáanlegar eru á næstu árum skella á án þess að hafa áhrif á þróun mála.

„Mér finnst bæði hagfræði og skipulagsfræði talsvert áhugaverð fög,“ segir Ólafur, „og margt í kenningum þeirra er mjög gagnlegt þegar kemur að greiningu

á skólastarfi.“ Í verkefninu sem fyrr var getið kom hann með tillögur um hvernig hefðbundinn tónlistarskóli gæti brugðist við fyrirsjáanlegum breytingum á umhverfi og tekur Tónlistarskóla Garðabæjar sem dæmi. „Ég er reyndar mjög fylgjandi hefðbundnum tónlistarskólum,“ segir hann. „Ég er sjálfur alinn upp í einum slíkum og tel það uppeldi hafa verið algera frumforsendu þess að ég lagði tónlistina fyrir mig. Tónlistarskólarnir hafa þjónað þjóðinni afbragðsvel og tel ég að tónlistarkennslu í landinu sé best borgið með öfluglu starfi þeirra.“

Hefðbundnir hételndir tónlistarskólar standa að mati Ólafs mjög framarlega. Þrátt fyrir það telur hann að þeir þurfi að laga sig að breyttum tímum eins og aðrar stofnanir í þjóðfélaginu og mikilvægt að þeir taki frumkvæði um stefnumótun sína og markmiðssetningu en láti ekki hlutina þróast af sjálfu sér án afskipta.

Viljum við að allt hljóðfæranám fari inn í grunnskólana?

„Staða hefðbundnu skólanna í Reykjavík er ekki eins sterk og áður var og kemur þar til aukin samkeppni frá einkaskólum og hlutfallsleg minnkun á fjárveitingum til þeirra, meðal annarra þátta,“ segir Ólafur. „Tónlistarskólar utan Reykjavíkur standa hinsvegar víða enn sterkt og njóta góðs fjárstuðnings og metnaðar sinna sveitarfélaga en þetta gæti breyst í náinni framtíð. Ekki er til að mynda ólíklegt að rekstraraðilar líti til þess sem gert er í Reykjavík og fylgi reykvísku fordæmi að einhverju leyti. Verulegt magn

hljóðfærakennslu er einnig að færast yfir í grunnskólana, sérstaklega á yngstu stigum, og nýjar námskrár endurspeglar mikið breytingaferli sem tónlistarmenntun er að ganga í gegnum. Í Reykjavík eykst fjölbreytni í menntunartilboðum og þar með sérhæfing skóla. Þar eru ólíkir skólar með ólíkt námsframboð. Ný hverfi spretta upp innan sem utan borgarmarkanna og gera nýjum tónlistarskólum unnt að ná fótfestu, það er að segja fá kennslukvóta. Einkaskólarnir veita gömlu skólunum harða samkeppni.

Eitt af því sem breytingarnar fela í sér er að kennslukvóti minnkar í hverjum skóla fyrir sig og mun fleiri nemendur eru en áður um sama magn kvóta. Með einhverjum fyrirvara get ég sagt að þótt framtak margra, ef til vill flestra, einkaskóla sé mjög glæsilegt eru þar líka hlutir sem þarf að varast og við viljum ekki að festist í sessi. Að mínu mati verða hefðbundnu tónlistarskólarnir að bregðast við þessum breytingum öllum og laga sig að þeim að hluta til en án þess þó að fórna klassískri tónlistarmenntun með gamla sniðinu. Við þurfum einnig að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort við viljum til dæmis að þróunin verði eins og í Bretlandi og víðar í Evrópu þar sem mest allt hljóðfæranám fer fram innan grunnskólanna og ekki er óalgengt að nemendur fái aðeins 20-30 mínútna kennslu á viku í hljóðfæraleik?

Við þurfum ennfremur að leggja mat á væntingar og viðhorf hagsmunaaðila tónlistarskóla og þróa stefnu og markmið skólanna með tilliti til þeirra. Það var einmitt það sem ég leitaðist við að gera í verkefninu um

viðbrögð við breyttu umhverfi tónlistarskóla þar sem ég hafði Tónlistarskóla Garðabæjar til hliðsjónar," segir Ólafur. „Niðurstaða mín í því verkefni var sú að ég tel að hefðbundnu tónlistarskólarnir þurfi að bregðast afdráttarlaust við breytingum sem eru að verða á umhverfi þeirra og leitast við að leiða sjálfir þróun í tónlistarkennslu. Það geta þeir gert með því að móta sér skýra framtíðarsýn og setja sér markmið í starfi sem líkleg eru til að styrkja stöðu þeirra í þjóðfélaginu.“

Kennarar leiði stefnumótun

Ólafur nefnir einnig að skólinn ætti að stefna að sem hæstu getustigi nemenda, þ.e. að sem flestir nemendur ljúki viðurkenndum stigsprófum, og að sérhanna þurfi verkefni fyrir ungt fólk á aldrinum tólf til sextán ára með tilliti til áhugasviðs þess. Á þeim aldri hafa nemendur sinn eigin tónlistarsmekk og margir hætta sé námið ekki í samræmi við áhuga þeirra.

„Margir tónlistarkennarar eru mjög meðvitaðir um þetta og leggja sig fram um að ná til nemenda," segir Ólafur, „en það þarf að koma á markvissari hátt til móts við nemendur á þessum aldri, móta um það skýra stefnu og gefa kennurum svigrúm til að skipuleggja kennslutíma sinn með tilliti til þessara áherslna.“

Hljóðfæranám í grunnskólum

Sömuleiðis þarf stefnumörkun um hljóðfæranám í grunnskólum að vera skýr, á hvaða forsendum hún sé og hversu mikil. Ef stór hluti hljóðfæranáms færast til dæmis inn í grunnskóla getur komið að því að foreldrar fái þá tilfinningu að það sé í engu frábrugðið hljóðfæranámi í tónlistarskólanum í aðbúnaði og ýmsum öðrum þáttum. Við sem störfum að tónlistarkennslu vitum hins vegar að tónlistarskólarnir geta boðið upp á mun faglegra nám sé það stundað þar. Í verkefninu legg ég til að hljóðfæranám fram að tíu ára aldri færast inn í grunnskólann en þá taki tónlistarskólinn að mestu við.

Það sem stendur hins vegar upp úr í þessum vangaveltum öllum," segir Ólafur, „er að tónlistarskólakennarar verða einnig að vera í fararbroddi í þessari umræðu í samfélaginu. Ýmsar leiðir eru færar og fjölbreytni er af hinu góða en ef tónlistarskólakennarar viðra ekki skoðanir sínar og berjast ekki pólitískt fyrir þeim er hætt við að þeir sem minna vita taki stjórnina með misjöfnum árangri.“

Tónlistarnámskeið fyrir bæjarbúa

Í verkefninu leggur Ólafur til annað meginmarkmið sem Tónlistarskóli Garðabæjar gæti sett sér til að styrkja stöðu sína til framtíðar og fylgir því eftir með rökstuðningi um hvernig standa meggi að framkvæmd þess. Markmiðið er að skólinn verði í fararbroddi á höfuðborgarsvæðinu þegar litið sé til fjölbreytts námsframboðs umfram hefðbundna hljóðfærakennslu. Í rökstuðningi með markmiðinu segir Ólafur meðal annars: „Þegar litið er til þess að ekki er ólíklegt að á næstu árum standi tónlistarskólinn

frammi fyrir því að einkaaðilar bjóði í tónlistarkennslu bæjarfélagsins, er afar mikilvægt að tónlistarskólinn geti sýnt fram á að innan hans fari fram mun öflugara tónlistarstarf en einkaaðilar geta boðið upp á. Núverandi hljóðfærakennsla sem skólinn veitir er að miklum meirihluta einkatímar hjá hljóðfærakennara og eiga einkaaðilar ekki erfitt með að veita þeirri þjónustu samkeppni. Eins og stendur virðast hagsmunaaðilar skólans bera mikla virðingu fyrir tónlistarskólanum og líta svo á að innan hans sé einmitt boðið upp á starfsemi sem telst langt umfram það sem einkaaðilar geta boðið upp á, svo sem ýmislegt samspil og hliðargreinar og kannski kemur ekki síst til sterk ímynd skólans sem menntastofnun.“ En að sögn Ólafs er ekki gefið að núverandi sterk ímynd hefðbundnu tónlistarskólanna fylgi þeim inn í framtíðina. „Þetta getur breyst á næstu tíu árum ef því er að skipta," segir hann.

Markmiðinu vill hann koma í framkvæmd með því að Tónlistarskóli Garðabæjar hvetji kennara skólans til að bjóða bæði nemendum og bæjarbúum upp á ýmisleg tónlistarnámskeið sem þeir haldi á eigin vegum. „Til þess fái þeir endurgjaldslaust aðstöðu í skólanum. Þannig munu bæjarbúar njóta aukins framboðs á fjölbreyttum tónlistarnámskeiðum sem gagnast ekki aðeins nemendum skólans heldur einnig almenningi í bæjarfélaginu. Sem dæmi um slík námskeið mætti nefna: Hljómakennslu fyrir fullorðna, námskeið fyrir fyrrverandi nemendur sem vilja halda sér við, námskeið þar sem ýmsar tónlistarstefnur eru kynntar almenningi, þjóðlaganámskeið og svona mætti lengi telja. Lagt er til að alla vega tvö til þrjú slík námskeið séu í boði hjá skólanum á hverri önn“

Mosó iðar af lífi

Auk fræðanna um skipulagsheildir styðst Ólafur við hugmyndir mannauðsstjórnunar bæði í þessu verkefni í námi sínu og öðru þar sem hann veltir því meðal annars fyrir sér hvernig nemendur geti notið þekkingar og reynslu fleiri kennara skólans en bara aðalkennara síns. Þessa stundina er hann hins vegar að kanna viðhorf foreldra í Mosfellsbæ til tónlistarnáms barna sinna með skoðanakönnun. „Mosfellsbær er í mestum vexti bæjarfélaga á landinu og þar iðar allt af lífi!" segir Ólafur. „Þar eru nýjar áherslur um tónlistarskóla, í hnotskurn er þetta þannig að búið er að sameina tónlistarskóla, leiklistarnám, myndlistarskóla og skólahljómsveitarstarf undir einn hatt. Ýmsar aðrar hugmyndir vekja einnig áhuga minn. Í




samningi bæjarfélagsins við listaskólann er t.d. sérstaklega tekið fram að listaskólinn skuli bjóða bæjarbúum upp á ýmis námskeið, en þetta rímar afar vel við mínar hugmyndir. Atli Guðlaugsson er skólastjóri og virðist hann fullkomlega óhræddur við að takast á við nýngar í starfi. Það verður gaman að fylgjast með þróun þessa skóla á næstu árum.

Hefðbundið klassískt nám er akkerið

Minn skóli, Tónlistarskóli Garðabæjar, hefur reyndar mjög sterka ímynd hjá bæjarbúum enda standa bæjaryfirvöld afar vel að skólanum og hafa mikinn metnað fyrir hönd hans.

En ég spyr: eru ekki auknar líkur á að skólinn haldi þeirri ímynd og styrki hana jafnvel enn frekar ef margir bæjarbúar hafa til dæmis sótt námskeið á hans vegum? Þetta má segja um marga skóla, kannski um tónlistarskóla almennt. Hefðbundið klassískt tónlistarnám er akkerið, frumforsendan. En skólinn getur líka komið til móts við aðra íbúa bæjarins eða hverfisins en þá sem stunda formlengt nám við skólann. Fyrir vikið verður hann svo aftur í betri stöðu til að sækja sér það fé úr bæjarsjóði sem hann þarf til að halda úti góðu og metnaðarfullu námi," segir Ólafur Elíasson.

keg



Kennarar verðskulda betri sess og stöðu í þjóðfélaginu



Menntamálaráðherra segir kennara verðskulda betri sess og stöðu í þjóðfélaginu

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ávarpaði þing Kennarasambands Íslands og sagði í upphafi að kennarar beindu nú eðlilega sjónum sínum í auknu mæli að kennaralaunum og skólustarfi. Ráðherra sagði undanfarin ár hafa verið annasöm í ráðuneyti mennta, menningar og vísinda. Á öllum þessum sviðum hafi verið lögð áhersla á stefnumörkun og skipulagslegar endurbætur. Þessi vinna tengdist eðlilega breytingum sem orðið hafa á samfélaginu og munu verða á komandi árum. Á sviði menntamála hafi markvisst verið unnið að nýrri menntastefnu og endurskoðun skólakerfisins í takt við örar samfélagsbreytingar. Stefnt er að fjölbættari tækifærum til menntunar, samfelli í skólustarfi og auknum sveigjanleika í menntakerfinu.

Kennarasamband Íslands hafi eðli málsins samkvæmt ætíð tekið virkan þátt í umræðu um menntastefnu og undanfarin misseri lagst á árar með ráðuneytinu í umbótavinnunni við nýskipan skólakerfisins. Undirritað hafi verið tímamótasamkomulag við Kennarasambandið um skólustarf og skólaumbætur, sk. tíu skref til sóknar. Með samkomulaginu hafi Kennarasambandið og ráðuneytið ákveðið að vinna saman að betra skólakerfi með heildarendurskoðun á námi og breyttri námsskipan skólastiganna. Menntamálaráðherra sagðist þakka stjórn Kennarasambands samstarfið þó stundum hafi það verið stormasamt. Hún sagði Skólavörðuna vera barómetar á samstarfið og vitnaði í lestur nýlegs tölublaðs þar sem hún varð hissa og glöð yfir að vera kölluð Þorgerður „okkar“! „Meginmarkmið endurskoðunarinnar“, sagði Þorgerður enn fremur um tíu skrefa samkomulagið og vinnu í kjölfar þess, „er fyrst og fremst að móta löggjöf sem styrkir menntun á öllum skólastigum með velferð allra barna og nemenda að leiðarljósi.“ Með frumvörpunum sé leitast við að auka samfelli milli

skólastiga, festa í sessi sveigjanleika milli og innan þeirra og að skólakerfið mæti breytilegum þörfum ólíkra einstaklinga. Lokamarkmiðið sé heildstæðara skólakerfi - betri skóli - betri menntun. Nú er í fyrsta skipti lögð fram frumvörp á Alþingi um öll skólastigin, að undanskildu háskólastiginu þar sem búið er við nýlega löggjöf. Hinar nýju áherslur í menntastefnu hafi verið kynntar á sérstök vefsvæði á vef ráðuneytisins. Þar er lögð áhersla á samfelli í námi og sveigjanleika milli skólastiga. Horft er á skólakerfið sem eina heild frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla, og til tengsla við háskólastigið. Ráðherra fjallaði um öll skólastigin í ávarpi sínu auk þess að víkja að kennaramenntun og listfræðslu. Í lok ávarps síns sagði Þorgerður Katrín meðal annars að ábyrgð kennara væri mikil og þeir verðskulduðu sess og stöðu í samfélaginu sem þeir hefðu ekki alltaf notið. „Það er forsenda fyrir farsælu skólustarfi að kennarar séu sáttir við stöðu sína og þá á ég ekki við kjaramálin ein. Þau eru hins vegar órjúfanlegur hluti af þessari heildarmynd og þess að við fáum áfram hæfa og dugmikla kennara til starfa. Ég ætla líka að leyfa mér að vera bjartsýn og tjá þá trú mína að það sé aukinn skilningur á mikilvægi skóla-starfsins og að það sé jafnframt vaxandi skilningur í samfélaginu á því að umgjörð, aðbúnaður og viðurgjörningur allra sem starfa innan skólans þurfi að endurspeglar það mat,“ sagði menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir á þingi Kennarasambandsins.

Sveitarfélögin vilja lyfta kennslunni á hærra stall

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga flutti ávarp fyrir hönd Halldórs Halldórssonar formanns SÍS á 4. þingi Kennarasambands Íslands, en Halldór var veðurtepptur á Ísafirði. Í ávarpinu sagði Þórður að unnið væri að sameiginlegri framtíðarsýn sveitarfélaga landsins í skólamállum, og tilgangurinn væri ekki síst sá að lyfta kennslunni í landinu á enn hærra

stall. Þórður sagðist ánægður með að þessi málaflokkur hefði að undanförunni fengið auki vægi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hann hvatti til þess að horft væri til framtíðar með öflugra skólustarf að leiðarljósi. Tæpum þremur vikum eftir að ávarpið var flutt undirrituðu grunnskólakennarar og skólastjórar kjarasamninga sem að margra mati staðfestir það sem Þórður sagði um vilja sveitarfélaga.

Aldarafmæli kennaramenntunar

Svanhildur Kaaber, fyrrverandi formaður og nú starfsmaður Kennaháskólans, sagði það nú vera sameiginlegt verkefni Kennaraháskóla Íslands og Kennarasambands Íslands að minnast þess að öld væri senn liðin síðan kennaramenntun hófst í landinu. Á sínum tíma var þrjátíu þúsund krónum varið til að byggja fyrsta kennaraskólann við Laufásveg sem nú hýsir skrifstofur Kennarasambandsins. 7. júní nk. verður samfelld dagskrá í Borgarleikhúsinu þar sem þessar merku tímamóta verður minnst og þar verða útnefndir fjórir heiðursdoktorar. „Alúð við fólk og fræði – metnaður og framsýni er mikilvægur þáttur í starfi kennara,“ sagði Svanhildur Kaaber.

Þessi fluttu ávörp og fyrirlestra á þinginu:

- Eiríkur Jónsson, formaður KÍ
- Lillemor Darinder, framkvæmdastjóri NLS
- Svanhildur Kaaber, formaður afmælisnefndar KHÍ - KÍ
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
- Þorvaldur Gylfason, prófessor
- Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri SÍS fyrir hönd Halldórs Halldórssonar formanns SÍS
- Ögmundur Jónasson, formaður BSRB

Ávarp menntamálaráðherra og meira efni af þinginu er á www.ki.is



FRAMTÍÐARSJÓÐUR

Leggðu grunninn að fjárhagslegri heilsu barnsins

Framtíðarsjóður Byrs er verðtryggður sparnaðar-
reikningur bundinn til 18 ára aldurs og ber
hæstu vexti almennra innlánsreikninga.
Framtíðarsjóðurinn er því kjörinn til þess
að leggja traustan grunn að fjár-
hagslegri heilsu um ókomna tíð.

**Leggðu grunninn núna –
barnsins vegna.**



BYR

SPARISJÓÐUR

Sími 575 4000 • byr.is

Samþykktir á þingi KÍ

Fjöldmargar samþykktir voru gerðar á 4. þingi KÍ í apríl sl. Hér er örfáum þeirra gerð skil en hægt er að lesa allar samþykktirnar á www.ki.is

Laun og önnur starfskjör

Lesið stefnu KÍ í kjaramálum 2008-2011 á www.ki.is

Kennarasamband Íslands og aðildarfélag þess leggja áherslu á að:

- Laun og önnur starfskjör félagsmanna standist samanburð við kjör hópa með sambærilega menntun og ábyrgð í starfi.
- Efla og samræma kjararannsóknir á almennum og opinberum vinnumarkaði til að auðvelda launasamanburð.
- Hlutfall grunnlauna af launum hækki enn frekar og að dregið verði úr óhöflegu vinnuálagi.
- Endurskoðunarákvæði sem sett eru í kjarasamninga séu virt, sem og önnur ákvæði kjarasamninga.
- Kjör kennara geri kennarastarfið eftirsóknarvert.
- Launatryggingakerfi verði tekið upp í kjarasamningum til að tryggja að einstakir hópar dragist ekki aftur úr vegna mismunandi launaskriðs.
- Kjarasamningar eru lágmarkssamningar.
- Kennslureynsla kennara sé metin milli allra skólastiga.

Ályktun um velferðar- og samfélagsmál

Einkarekstur

Fjórða þing Kennarasambands Íslands beinir því til stjórnvalda að vanda vel til verka þegar ákvörðun um einkarekstur er tekin. Einkarekstur í opinberri þjónustu á einungis rétt á sér ef hann leiðir til betri eða sambærilegrar þjónustu og er ekki dýrari fyrir samfélagið.

Öryggi og velferð borgaranna

Fjórða þing KÍ leggur áherslu á öryggi borgaranna og hvetur í því sambandi til úrbóta í umferðarmálum, styrkari löggæslu, eflingu forvarna og ekki síst að hlustað verði vel á raddir þeirra sem best þekkja til þessara mála.

Vilji til samstarfs um enn betra samfélag

Fjórða þing Kennarasambands Íslands lýsir yfir eindregnum vilja sambandsins til að eiga samvinnu við stjórnvöld og önnur hagsmunasamtök um að byggja upp enn betra samfélag á Íslandi, samfélag þar sem almenn velferð, tillitssemi og gagnkvæm virðing eru höfð að leiðarljósi.

Eftirlaun kennara

Fjórða þing Kennarasambands Íslands felur stjórn KÍ að finna leið til að efla einstaklingsbundna ráðgjöf varðandi starfslok og eftirlaun félagsmanna sem eru að hefja töku lífeyris.

Niðurgreiðsla á líkamsrækt

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 ályktar að eðlilegt sé að vinnuveitendur niðurgreiði líkamsrækt fyrir fyrir félagsmenn KÍ.

Brot úr skólamálaályktun 4. þings KÍ

Lesið ályktunina í heild og skólastefnu KÍ 2008-2011 á www.ki.is

Ný lög verða að boða enn betri skóla

Alþingi fjallar nú um frumvörp til nýrra laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þau byggja á allvíðtækri endurskoðun og stefnumótunarvinnu um skóla- og menntamála sem KÍ hefur tekið virkan þátt í. Þing KÍ telur ýmislegt í frumvörpunum til bóta miðað við gildandi lög.

Þingið gagnrýnir að í grunnskólafrumvarpinu er dregið úr möguleikum kennara til að hafa áhrif á stjórnun og skipulagningu á innra starfi skólans. Þingið gerir alvarlega athugasemd við það að skólaárið sé lengt úr 170 dögum í 180 án skilgreiningar á því til hvers má nota þessa 10 viðbótardaga þannig að ákvæðið fari ekki í bága við gildandi kjarasamning fyrir grunnskóla. Þingið leggur áherslu á að framkvæmd lagaákvæða verði tryggð með skýru orðalagi sem tekur af allan vafa um skyldur þeirra sem vinna eftir þeim.

Þingið telur frumvarp til framhaldsskólalaga geta verið efni í góða menntastefnu og ýmis jákvæð skref tekin til að bæta nám og skólastarf í framhaldsskólum. Nokkuð óljóst er þó hvaða breytingar kunna að verða á skólastarfi, námi og lokaprófum úr framhaldsskóla. Meðal annars er námstími til stúdentsprófs er ekki tilgreindur, hvorki í árum né í námseiningum.

Mikilvægt er að tillögur um aukið frelsi skóla til að byggja upp nám og námsframboð verði tryggt í nýjum lögum um framhalds-skóla þannig að skólar búi við raunverulegt faglegt sjálfstæði í starfi.

Eitt mikilvægasta markmið breytinga á lögum um skólastigin nú er að mati þings KÍ að miða lög og framkvæmd þeirra við nemandann, nám hans, þroska, skólagöngu, hagsmuni, velferð og réttindi. En jafnframt undirstrikar þingið að virða þarf og meta störf skólastjórnenda, kennara, náms- og starfsráðgjafa og annarra starfsmanna skóla. Tryggja þarf góðan umbúnað um skólastarfið og efla fremur en draga úr virkri þátttöku starfsmanna í stjórnun, stefnumótun og þróun í grunnskólum landsins. Þingið hvetur menntamálanefnd Alþingis til að taka mið af fjölmörgum athugasemdum KÍ í umsögnum sambandsins um skólastigfrumvarpin, bæði almennum athugasemdum og athugasemdum við einstakar greinar. Mikilvægt er að löggjöfin sé vel unnin og í sátt við þá sem bera uppi skólastarf í landinu.

Ályktun um húsnæðismál KÍ

Fjórða þing KÍ haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 felur stjórn KÍ að gera úttekt á húsnæðisþörf sambandsins til næstu tuttugu ára. Henni er ætlað að leiða í ljós hvort núverandi húsnæðisaðstaða fullnægi þörfum sambandsins næstu áratugi og þá með hvaða breytingum/viðbótum.

Niðurstöðu úttektarinnar ásamt tillögum um framtíðarlausn húsnæðismála KÍ skal leggja fyrir þing KÍ árið 2011.

Öpnist sá möguleiki á kjörtímabilinu að byggja við Kennarahúsið samanber samþykkt þess efnis frá 3. þingi KÍ árið 2005 er stjórn heimilt að hefjast handa við þá framkvæmd enda leysi hún húsnæðisþörf sambandsins til frambúðar.

Ákvæði til bráðabirgða:

Komi í ljós á kjörtímabilinu 2008 til 2011 að nýbyggingar á Landspítalalóð muni þrængja svo að starfsemi KÍ að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana vegna þess samþykkir þingið að stjórn KÍ beri ákvarðanir um slíkt undir ársfundum til samþykktar. Heimilt er stjórn að boða til aukaársfundar af þessu tilefni.

Tillaga um stuðning við þróunarstarf

Fjórða þing Kennarasambands Íslands haldið í Reykjavík dagana 9. til 11. apríl 2008 samþykkir að fela stjórn KÍ að velja stuðningsverkefni erlendis í samráði við aðalskrifstofu El og/eða hjálparstofnanir hér- lendis, til að stýlja þróunarstarf í landi þar sem kennarar og/eða skólastarf á erfitt uppdráttar vegna stríðsátaka eða annarra hörmunga. Til þessa verkefnis skal verja árlega upphæð sem þing ákveður í fjárhagsáætlun hverju sinni.

Eftirfarandi samþykktir voru gerðar á þinginu (heiti samþykktar):

- Félagsgjald
- Verklagsreglur fyrir skoðunarmenn reikninga
- Félagsgjald félagsmanna í launalausum leyfi samkvæmt 2. málsgrein 6. greinar laga KÍ
- Ályktun um hagræðingu í útgáfumálum
- Fjárhagsáætlun Kennarasambands Íslands 2008 - 2011
- Stefna KÍ í kjaramálum 2008-2011
- Ályktun um kjaramál
- Ályktun um velferðar- og samfélagsmál
- Kannaðar verði leiðir til að koma í veg fyrir tvísköttun greiðslna úr Vinnudeilusjóði
- Eftirlaun kennara
- Niðurgreiðsla á líkamsrækt
- Skólastefna fyrir Kennarasamband Íslands 2008-2011
- Skólamálaályktun 4. þings KÍ
- Ályktun um náms- og starfsráðgjöf
- Útgáfu- og kynningarmál
- Tillaga um stofnun sjóðs vegna útgáfu á sviði uppeldis- og menntamála
- Tillaga til HÍ um útgáfu tímarits á sviði uppeldis- og menntamála
- Ályktun um orlofshús og orlofsferðir
- Skipuð verði nefnd til að endurskoða rekstur Orlofssjóðs
- Fjárhagsáætlun Orlofssjóðs 2008-2011
- Mótun þjónustustefnu KÍ
- Ályktun um húsnæðismál KÍ
- Ályktun um eflingu samstarfs aðildarfélaganna
- Ályktun um nýtt aðildarfélag
- Ályktun um ráðningu hagræðings/sérfræðings á kjarasviði
- Ályktun um félagsmálafræðslu
- Ályktun um langan starfsdag barna
- Framtíðarfyrirkomulag fæðingarstyrkja
- Tillaga um stuðning við þróunarstarf
- Ályktun um styrki vegna krabbameinsleitar
- Siðaráð og kynning á siðareglum
- Ályktun um samstarf við önnur heildarsamtök
- Ályktun um samstarf við vinnuveitendur/stjórnvöld
- Ályktun um áframhaldandi þátttöku í erlendu samstarfi
- Ályktun um jafnréttisstefnu
- Ályktun um jafnréttisnefnd
- Ályktun til stjórnar KÍ frá Jafnréttisnefnd 4. þings KÍ
- Ályktun um stefnumörkun KÍ í vinnuumhverfismálum
- Vinnuumhverfisnefnd KÍ
- Ályktun um vinnuvernd
- Tillaga um samstarf við önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna um Vinnuumhverfismál
- Breytingar á lögum Kennarasambands Íslands - Á 4. þingi KÍ voru samþykktar nokkrar breytingar á lögum sambandsins og reglum um Vinnudeilusjóð
- Kosningar - í stjórnir orlofssjóðs, sjúkrasjóðs og vinnudeilusjóðs, í uppstillingarnefnd, kjörstjórn og skoðunarmenn reikninga, auk þess var tilkynnt á þingi um réttkjörinn formann og varaformann.

Málstofur á 4. þingi KÍ

Punktur úr þremur af sex málstofum sem voru haldnar á 4. þingi KÍ
- lesið meira um málstofurnar á www.ki.is

1. málstofa - kjaramál

Áhrif þenslu/samdráttar á kjör kennara og skólastarf almennt

Málshöfundur: Ólafur Darri Andrason hagfræðingur ASÍ, Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri, Elín Ásgrímsdóttir leikskólastjóri.

Ólafur Darri bar saman laun á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera og fram kom að hið opinbera hefur dregist aftur úr í launaskriðinu. Launaskrið hjá opinberum starfsmönnum fer hægar upp í þenslu og lækkar svo lítið í slaka, en á almennum markaði fara laun hratt upp og líka hratt niður. Þensla hefur þau áhrif á markaðinn hjá báðum hópunum að það reynir á endurskoðun kjarasamninga, eða þeir teknir upp í heild sinni. Dæmi um launaskrið er þegar einstök sveitarfélög hækka laun einhliða. Hvað er til ráða? Semja um lágmarkskjör og treysta á yfirborgarir, eða hafa sveigjanlegan kjarasamning. Báðar þessar leiðir leiða til mismunar í launum. Í þenslu þarf að gera skólana samkeppnisfærari með því að geta borgað hærra laun. Í „slaka“ er auðveldara að manna skólana og þá þarf ekki að hækka laun.

Kristinn Breiðfjörð sagði að í vetur hefði verið erfitt að manna í stöður. Þá reyndi á að eiga gott samstarf við menntasvið Reykjavíkurborgar. En þar eru öll viðbrögð hæg og jafnvel reynt að sópa málum undir teppið. Skólastjórum var nánast bannað að tjá sig í fjölmiðlum. Annars var farið inn á þá braut að sameina hópa og minnka þjónustuna í stað þess að fella niður kennslu hjá bekkjum eða í árgöngum. Sveitarfélög líta á kjarassamning sem bæði lágmarks- og hámarkssamning. Eftirlitsmaður fór um landið og fylgdist með að sveitarfélög færi eftir samningnum og var þeim hótað brottvisun úr launaneftinni ef þau gerðu það ekki.

Kristinn hefur áhyggjur af því hve margir hverfa frá störfum. Í staðinn er ráðið óvánt fólk og gæði skólastarfsins minnka og starfsmannavelta eykst.

Elín sagði að erfitt væri að manna stöður í leikskólunum og starfsmannaveltan væri mikil. Viðbrögðin við þessum vanda eru að taka ekki börn inn í skólana og einnig að senda þau heim tvisvar sinnum hálfan dag í viku hverri í samráði við foreldra. Yfirleitt er einn menntaður starfsmaður í hverri deild. Hann fær handleiðslu einu sinni í mánuði. Það vantar fjármagn til launahækkunar, en hægt hefur verið að koma til móts við starfsfólkið með að borga fyrir starfsmannaferðir og jólamat og fleira smálegt. Nú vill vinnuveitandinn afnema þetta. Mikill tími fer í leiðbeiningar fyrir nýja starfsmenn. Það er alltaf verið að hagræða, vetrarstarfið fer úr skorðum vegna manneklu. Eina leiðin við þessum vanda væri að hækka launin.



2. málstofa - skóla- og menntamál

Hlutverk skóla sem uppeldisstofnunar í samfélaginu

Málshöfundur: Anna Kristín Sigurðardóttir forstöðumaður kennarabrautar KHÍ, María Kristín Gylfadóttir formaður Heimilis og skóla og Helga E. Jónsdóttir leikskólastjóri Kópavogi og fulltrúi í stjórn KÍ.

Anna Kristín sagði að gerðar væru kröfur til skólans um að taka að sér sífellt stærra uppeldishlutverk. Árið 1934 var talað um að skólinn væri fyrst og fremst uppeldisstofnun. Hvar endar uppeldi og hvar byrjar menntun? Eigum við að gera greinarmun þar á milli? Eru einhver rök fyrir því að uppeldishlutverk skóla minnki eftir því sem börnin eldast? Anna Kristín vitnaði í Pál Skúlason sem sagði, „Menntun er þroski, menntaður maður er vísýnn maður, menntun gerir manninn að meira manni“. Er hægt að líta sem svo á að þeir sem mennta eða þjálfá börn hafi ekki uppeldislegt hlutverk? Hver ákveður hvað er börnum fyrir bestu? Kennarar lenda í klemmu þegar kemur að því að ákveða um sérkennslu eða önnur úrræði. Hvar stangast hagsmunir barna á við hagsmuni annarra svo sem foreldra, skóla og stjórnmalamána. Barnasáttmálinn – Gunnar Finnbogason segir að hann sé ekki virtur í skólakerfinu og samfélaginu. Nemendalýðræði er flott en hvernig? Gerir KHÍ nóg til að viðhafa nemendalýðræði? Anna Kristín benti á að leikskólinn talaði um að hlusta á raddir barna.

María Kristín sagði að samþætting starfs og heimilis yrði ekki fyrr en við samþykktum að hagnunir einkalífs og starfs stangast á. Markmið uppeldis og skólagöngu eru þau sömu. Skólakerfi framtíðar verður að vera sveigjanlegt – taka mið af þörfum fólks og þjónustumiðað. Það þarf að mæta kröfum barna og foreldra fyrir þjónustu, skólar veita nú þegar þjónustu sem á ekkert skylt við menntun, til dæmis að gefa börnum að borða í hádeginu. Fyrir hendi verður að vera búnaður og geta til að sinna þörfum allra, aðgengi allra að hverfisskólum. Góð samskipti barna og foreldra er hluti af

samskiptum heimilis og skóla en skoða þarf vel um hvað samstarfið á að snúa. Allir sem koma að börnum á einhvern hátt bera sameiginlega ábyrgð á samskiptum heimilis og skóla og uppeldi barnanna. Um hvað snýst foreldrasamstarf? Enn er horft framhjá foreldrum sem raunverulegum hagsmunahópi, skólinn og foreldrar eiga að vera samherjar og þurfa að taka höndum saman um uppeldisleg gildi. Mikilvægt er að áætlun um samstarf sé til staðar.

Helga sagði um 80% barna í 8-9 tíma dvöl í leikskóla á dag. Hversu mikið er nóg? 40 stunda vinnuvika er raunveruleiki en vinnuvika barna er mjög oft lengri. Ekki er minnkaður viðverutími barna þegar foreldrar eru í fæðingarorlofi. Pólitískir fulltrúar eru andsnúnir því að skerða þjónustu tímabundið. Gefin var út sk. samráðsnefndarskýrsla árið 2007 þar sem lýst er yfir áhyggjum vegna skorts á menntuðum kennurum í leikskólum og langri viðveru barna. Hvað kostar þetta samfélagið? Helga tók dæmi af Furugrund en þar eru 73 börn af 80 með átta til níu klst. skólalag. Það er mjög mikið fyrir lítið barn að vera í þessu rými svona langan tíma, sagði Helga. Yngstu börnin eru jafnlengi og þau eldri. Mettun er einnig í gæslunni í grunnskólunum þar sem eru 70-80 börn og þrír starfsmenn. Samanburður á gæslu grunnskólum og skólalagheimilum áður fyrr er ekki samtímanum í hag. Það er meira en stigsmunur á skólalagvöl sem stendur yfir í fjórar klst. og þeirri sem varir í átta eða níu klst.

6. málstofa – líðan kennara

Líðan kennara – agaleysi í samfélaginu

Málshöfundur: Anna Þóra Baldursdóttir lektor HA, Edda Kjartansdóttir verkefnisstjóri KHÍ.

Anna Þóra spurði: hvað er kulnun í starfi? Einstaklingsbundin einkenni kulnunar, kulnun versus vinnugleði, áhrifaþættir m.t.t. kulnunar, hvaða þættir viðhalda vinnugleði?

Hún drap á helstu niðurstöður rannsóknna sinna á kulnun í starfi grunnskólakennara og leiðbeinenda (2000) og könnun sem hún og Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingur,



Reykjavík, gerðu á sama efni (2005). Anna Þóra ræddi um hvernig kennurum líður í skólafélaginu, eru þeir undir of miklu álagi, segja þeir of sjaldan NEI? Hvað er til ráða? Hvað getur Kennarasambandið gert? Hún nefndi m.a. að mikilvægt væri að KÍ kæmi á framfæri upplýsingum út í samfélagið um það sem vel væri gert í skólafélaginu.

Edda talaði um breytt starfsumhverfi skóla, breyttar kröfur til skólanna sem gerði nauðsynlegt að skilgreina hlutverk skólanna vel og þátt/hlutverk kennaranna í skólafélaginu. Mikilvægt að skólar axli ábyrgð á þessu vegna mikilla breytinga á samfélagsmunstrinu. Mörgum kennurum líði ekki vel í starfi vegna þess að þeir upplifa bæði áhrifaleysi og mikla ábyrgð í senn, börnin lenda síðan í tómarúmi við þessar aðstæður. Kennarar verði að hafa meira vald. Styðja þarf kennara til að vera fagmenn, efla fagvitund stéttarinnar, fagmennsku, ekki að

láta aðra segja sér hvernig hlutirnir eru eða eigi að vera.

Edda spurði: Hvað geta kennarar og skólafélagið gert? Hún sagði mikilvægt að forgangsraða verkefnum, að kennarar hafi svigrúm til að "skoða sig sjálfa", efla fagmennsku og leiðtogaþæfni sína.

Mikilvægt að geta rökstutt ákvarðanir. Góður starfsandi og skólamenning skiptir miklu máli, einnig að vinna með foreldrum. Kennarar ekki að afsala fagmennsku og sjálfstæði til annarra. Varðandi þátt KÍ þá nefndi Edda atriði eins og að efla símenntun, starfsþróun, að kennarar hafi rödd og séu sýnilegir í samfélaginu og umræðunni.

Miklar umræður voru í málstofunni og komust mun færri að en vildu. Lesið umræður á málstofum á www.ki.is

Aðrar málstofur á þinginu:

3. málstofa - menntafrumvörp

I. Hverju breyta ný lög fyrir skólafélagið í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum?

Málshefjendur: Anna María Gunnarsdóttir framhaldsskólakennari, Einar Már Sigurðsson alþingismaður.

II. Uppfyllir kennaramenntunarfurvarpið kröfur framtíðarinnar?

Málshefjendur: Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ, Ingvar Sigurgeirsson prófessor KHÍ, Kolbrún Halldórsdóttir alþingismaður.

4. málstofa – PISA

PISA og hvað svo?

Málshefjendur: Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólafélagi, Almar M. Halldórsson verkefnisstjóri PISA á Íslandi.

5. málstofa - starfsumhverfið, stéttarfélagið

Kennarasamband framtíðarinnar – hlutverk /þjónusta stéttarfélaga

a. Skipulag/uppbygging /þjónusta

b. Hvar eiga áherslur KÍ að liggja á næstu árum?

Málshefjendur: Hannes Þorsteinsson skrifstofustjóri KÍ, Þorgerður Diðriksdóttir formaður Kennarafélags Reykjavíkur (KFR), Hugufrún Sigmundsdóttir formaður 6. svæðadeildar FL (Norðurland eystra).



Leikskólakennarar óskast til starfa í leikskóla Kópavogs



Óskað er eftir leikskólakennurum sem eru tilbúnir að taka þátt í metnaðarfullu, fjölbreyttu og skemmtilegu leikskólafélaginu í nýjum og gömlum leikskólum.

Kópavogsbær hefur samþykkt viðamiklar aðgerðir í tengslum við bókanir í kjarasamningi um TV einingar og álagsgreiðslur, eldri kennara ofl.

Þá hefur skipulagsdögum verið fjölgað í 5-6 á ári.

Upplýsingar gefur leikskólafulltrúi, Sesselja Hauksdóttir, leikskólaráðgjafar, Gerður Guðmundsdóttir og Sigríður Síta Pétursdóttir í síma 570-1600 eða sesselja@kopavogur.is; gerdur@kopavogur.is; sita@kopavogur.is

Kynnið ykkur leikskóla Kópavogs á heimasíðu Kópavogs www.kopavogur.is þar sem jafnframt er hægt að sækja um stöðurnar í gegnum job.is.



ÍSAFJARÐARBÆR

Lausar leikskólakennarastöður við leikskóla Ísafjarðarbæjar

Umsóknarfrestur er til 31. maí 2008.

Ísafjarðarbær er bær í sókn sem hefur upp á margt að bjóða. Má þar nefna. öfluga grunnskóla og leikskóla, menntaskóla, fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf, öflugt tónlistar- og menningarlíf, eitt besta skíðasvæði landsins og endalausa möguleika í að njóta einstakrar náttúrfegurðar svæðisins.

Í Ísafjarðarbæ eru sex leikskólar, í fjórum byggðakjörnum, á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og í Hnífsdal. Leikskólarnir eru fjölbreyttir og hafa innleitt hinar ýmsu stefnur, s.s. Hjallastefnu, Reggio Emilio og Heilsustefnu. Stærð skólanna er frá einni og upp í fjórar deildir. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli skólanna en þó sjálfstæði og fjölbreytni.

- **Okkur vantar leikskólakennara til starfa í þessum leikskólum sveitarfélagsins.**
- **Kröfur eru gerðar um leikskólakennaramenntun.**
- **Allar nánari upplýsingar veita leikskólastjórar og/eða leikskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar**

Leikskólinn Sólborg Ísafirði:
Leikskólinn Eyrarskjól Ísafirði:
Leikskólinn Bakkaskjól Hnífsdal:
Leikskólinn Laufás Þingeyri:
Leikskólinn Grænigardur Flateyri:
Leikskólinn Tjarnarbær Suðureyri:
Leikskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar

Helga Björk Jóhannsdóttir, s: 450-8285
Jóna Lind Karlsdóttir, s: 450-8280
Ingibjörg Einarsdóttir, s: 450-8275
Elsa María Thompson, s: 450-8270
Barbara Ferster, s: 450-8260
Lilja Einarsdóttir, s: 450-8290
Sigurlína Jónasdóttir, s: 450 8000

solborg@isafjordur.is
eyrarskjol@isafjordur.is
bakkaskjol@isafjordur.is
laufas@isafjordur.is
graenigardur1@isafjordur.is
tjarnarbaer@isafjordur.is
leikskolafulltrui@isafjordur.is

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

FINNBJÖRG



Finnbjörg er lítil bók um málfræði og stafsetningu. Hún er einkum ætluð til íslenskukennslu á miðstigi. Í bókinni er fjallað um helstu reglur og hugtök sem nemendur þurfa að kunna skil á og þau útskýrð með dæmum. Bókin er aðgengileg og útskýrir flókna hluti á einfaldan hátt.



NÁMSGAGNASTOFNUN

Lítill bók um málfræði og stafsetningu



Áhugaverð störf í Varmárskóla



VEGNA AUKINNA UMSVIFA SEM VERÐA VIÐ SAMEININGU LEIKSKÓLADEILDAR OG HEILSDAGSSKÓLA VIÐ GRUNNSKÓLANN, VEGNA SKIPULAGSBREYTINGA, AUKINS SVIGRÚMS Í SKÓLASTARFI OG MARGVÍSLEGRA PRÓUNARVERKEFNA ÖPNAST TÆKIFÆRI TIL AÐ RÁÐA HÆFT STARFSFÓLK TIL SAMSTARFS VIÐ HIÐ ÖFLUGA STARFSLIÐ VARMÁRSKÓLA Í MOSFELLSBÆ.

KENNARA VANTAR Í EFTIRFARANDI:

- Tungumál
- Stærðfræði
- Náttúrufræði
- Upplýsingatækni
- Verkgreinar (smíði og textíl)
- Umsjónarkennara á miðstigi
- Umsjónarkennara á yngsta stigi
- Sérkennslu
- Leikskólakennara
- Umsjónarmann frístundarsels

Við leitum enn fremur að verkefna- eða deildarstjórum á tveimur sviðum:

VERKEFNASTJÓRI/DEILDARSTJÓRI A

Verkefni meðal annars:

- Innleiðing hegðunarstjórnunarkerfis
- Ferlamál – samskiptamál
- Foreldrasamskipti
- Umsjón með nemendaráði
- Umsjón með þróunarverkefnum skólans
- Hluti af stjórnunarteymi skólans

VERKEFNASTJÓRI/DEILDARSTJÓRI B

Verkefni meðal annars:

- Umsjón með yngsta- og miðstigi
- Umsjón með samvinnu fimm ára deildar við yngsta stigið
- Skipulagning heilsdagsskóla
- Þróun útikennslu og heilsueflingar skólans
- Hluti af stjórnunarteymi skólans

Leitað er að starfsmanni með kennaramenntun eða sambærilega grunnmenntun. Þá er æskilegt að umsækjendur hafi reynslu af stjórnun og framhaldsmenntun.

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla. Þá er stefnt að öflugum starfi í umhverfismennt, heilbrigði og hollustu á næsta skólaári. Við leitum að konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki.

Stefnt er að því að auka útikennslu í fögru umhverfi Varmárskóla og vel útbúinni íþróttaaðstöðu sem þar er. Verið er að hanna glæsilegt útikennslusvæði og Ævintýragarður Mosfellsbæjar verður við túnfótinn hjá okkur.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 og 863 3297 (thorhildur@varmarskoli.is) og Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri í síma 525 0700 og 899 8465 (thoranna@varmarskoli.is). Upplýsingar um stöðu leikskólakennara veitir Steinunn Geirdal aðstoðarleikskólastjóri í síma 694 7383 eða 699 0918 (steinunn@varmarskoli.is).



MOSFELLSBÆR

MOSFELLSBÆR ER ÖRT STÆKKANDI BÆJARFÉLAG OG ERU ÍBÚAR Á NÍUNDA ÞÚSUND. ALLS STAÐAR ER STUTT Í ÓSNORTNA NÁTTÚRU OG FALLEGT UMhverfi. Í MOSFELLSBÆ ER BLÓMLEGT ÍÞRÓTTA-, TÓMSTUNDA- OG MENNINGARLÍF. AUK ÞESS STÁTAR BÆJARFÉLAGIÐ AF ÖFLUGU SKÓLASTARFI. SVEITARFÉLAGIÐ STEFNIR AÐ ÞVÍ AÐ VERA Í FARARBRÓDDI VIÐ UPPBYGGINGU SKÓLA. EINKUNNARORÐ MOSFELLSBÆJAR ERU: VIRÐING-JÁKVÆÐNI-FRAMSÆKNI-UMHYGGJA.

WWW.MOS.IS

Með meiri einkarekstri kæmi meiri fjölbreytni í framboð til menntunar



Þorvaldur Gylfason prófessor sagði í erindi sem hann hélt á þingi Kennarasambandsins að áhrif menntunar á hagsæld í þjóðfélaginu væru óvæfengjanleg. Þorvaldur ræddi og sýndi með glærum samanburð á launum og kaupmætti um víðan heim og varð eðlilega mjög tíðrætt um gildi menntunar en ekki síður um kosti og galla hinna mismunandi rekstrarforma skóla.

„Hvað þarf að tryggja til þess að menntun sé ekki látin sitja á hakanum,“ spurði Þorvaldur þingfulltrúa þegar tal hans barst að skipulagi skólamála og hann svaraði því sjálfur að bragði að það væri meira fjármagn og betra skipulag.

Þorvaldur sagði helstu þætti þjóðarauðs vera eðlisauð, það er að segja framleiðslutæki; náttúruauð, það er land, olíu málma og fleira; mannaúð, en hans vægi væri um 70% allra þessara auðlinda, og loks félagsauð.

„Menntun og heilbrigði skipta sköpum hvað varðar lífskjör en lífskjör ráðast svo af hagvexti. Menntun er fjárfesting og hvert viðbótarár í skóla hækkar laun um 6%. Vaxa fátæk lönd hraðar en rík? Vissulega, en munurinn fer minnkandi. Hagvöxtur og menntun haldast í hendur, þ.e. góð lífskjör og mikil fjárfesting haldast í hendur, einnig góð lífskjör og menntun. Aukningu framhaldsskólasóknar um 25% er í takt við 1% aukningu hagvaxtar og einnig haldast í hendur góð lífskjör, góð lýðheilsa og langlífi.“

Þorvaldur varpaði fram þeirri spurningu hvort til væri einföld leið til að útvega börnum víða um heim meiri og betri menntun? Já, svarið er einfaldlega að sögn Þorvaldar að eignast færri börn og auka þar með „gæði“ hvers og eins barns.

Þegar talið berst að menntun og náttúrugæðu telur Þorvaldur að frumframleiðslan víki smám saman fyrir menntun. Skólasókn örvi lýðræði og öfugt, en hvoru tveggja efli hagvöxt. Mannauður og félagsauður fylgist að.



Skipulag skólamála

„Menntun skiptir sköpum fyrir lífskjör,“ sagði Þorvaldur, „en opinber gjöld eru í dag 8,3% af landsframleiðslu, eða 106 þúsund krónur á fjölskyldu. Getur verið að miðstýring í skólakerfinu sé of mikil, þ.e. áætlanabúskapurinn? Útgjöld mundu nýtast betur ef kostir markaðsbúskapar fengju að njóta sín betur, með meiri einkarekstri kæmi meiri fjölbreytni í framboð til menntunar. Útgjöld til menntamála árin 2000 til 2004 sem hlutfall af vergri landsframleiðslu eru mest á Íslandi þegar þau eru borin saman við önnur Norðurlönd. Hins vegar eru útgjöld til háskóla lægst hérlendis.“

Þorvaldi Gylfasyni varð síðan nokkuð tíðrætt um launamál kennara og var með samanburð í dollurum á kaupmáttarvirði. Árið 2005 voru laun kennara í Þýskalandi helmingi hærrí en laun kennara á Íslandi og sagði það staðreynd að einkeypi lækkaði laun en samkeppni hækkaði laun. Miðað við landsframleiðsu væru laun þýskra kennara 60% hærrí en laun íslenskra kennara. Það sýndi okkur að kennaralaun á Íslandi væri enn sem fyrr of lág hérlendis. Það hefði einnig sýnt sig að hlutfall mannaflans sem væri með grunnskólapróf eða jafnvel ennþá minni menntun væri hæst á Íslandi, eða 35%, og það yki enn á vandann. Fjárskortur leiddi til lágra launa en við nýtingu fjármagns væri við lýði of mikil miðstýring.

„Tekjur tónlistaskólanna á Íslandi eru

í dag tvíþættar, þ.e. framlög frá ríki og sveitarfélögum og síðan einkaframlög. Háskólarnir hérlendis hafa farið inn á sömu braut og þá vaknar sú spurning hvort framhaldsskólarnir geti farið sömu leið, hvar á að draga mörkin?“

Markaðsbúskapur í menntamálum?

„Hvernig skilar kenna mestum árangri? Er það með því að sami kennarinn kenni börnunum allar greinar, er það með því að vera með sérhæfða kennara eða að bekkur flyti sig milli kennarastofa efir því hvaða fag skal nema í hverjum tíma? Af hverju á ekki að leyfa skólum að keppa innbyrðis? Myndi valfrelsi bitna á jöfnuði? Hví skyldi valddreifing og valfrelsi reynast síður í skólunum en á öðrum sviðum? Myndu skólagjöld bitna á menntun? Er ástæða lítillar menntunar of lítið framboð eða of lítil eftirspurn? Þessum spurningum er gott að velja fyrir sér, og ekki síst í kennarastétum.“

Menntun borgar sig því hún eykur mannaúð og hagvöxt. Hagur einstaklinga og þjóða ræðst að miklu leiti af mannaúði og félagsauði, ekki náttúruauði, þó margir álíti svo. Afskipti almannavaldsins mega ekki standa í vegi fyrir markaðsbúskap í menntamálum,“ sagði Þorvaldur Gylfason prófessor.

Glærur frá Þorvaldi eru á www.ki.is

Geir A. Guðsteinnson

Formaður endurkjörinn

Aðalfundur Kennarafélags Reykjavíkur var haldinn 30. apríl sl. á Hótel Loftleiðum. Fjölmennt var á fundinum og hann þótti takast vel að sögn fundargesta og umræður góðar. Fyrir fundinum lágu tillögur um lagabreytingar sem samþykktar voru með þorra atkvæða. Með lagabreytingunum var hnykk á hlutverki félagsins og hlutverk þess skýrt enn frekar. Kosið var til stjórnar og var Þorgerður Laufey Diðriksdóttir endurkjörin formaður til næstu tveggja ára. Eiríka Ólafsdóttir, Hjördís Þórðardóttir og Sigrún Ólafsdóttir voru allar endurkjörnar til tveggja ára. Jafnframt voru þær Þóra Elísabet, Kjeld, Þóra Kristinsdóttir og Þórunn Sif Böðvarsdóttir kosnar í uppstillingarnefnd til næsta aðalfundar. Skoðunarmenn reikninga KFR eru Ágúst Benediktsson og Jenný Guðrún Jónsdóttir til vara eru þær Katrín Ragnarsdóttir og María Kristín Thoroddsen. Stjórn Kennarafélags Reykjavík skipa því Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Eiríka Ólafsdóttir, Hjördís Þórðardóttir, Ólafur Örn Pálmarsson, Kristbjörn Árnason, Lilja Margrét Möller og Sigrún Ólafsdóttir. Lesið um aðalfund KFR á heimasíðu félagsins, www.kennarar.is

Gagnlegt að hlusta á börn og skemmtilegt líka

Á fjórða hundruð manns sóttu Ráðstefnuna **Rödd barnsins** sem haldin var í Borgar-leikhúsinu föstudaginn 18. apríl sl. Á ráðstefnunni var fjallað um leiðir til að hlusta á raddir leikskólubarna og hvernig tryggð verði að börn hafi áhrif á viðfangsefni sín og umhverfi.

Fyrirlesarar ráðstefnunnar voru:

Sue Dockett prófessor við Charles Sturt University í Ástralíu fjallaði um mismunandi aðferðir til að hlusta á börn. Hún fjallaði jafnframt um af hverju hlustað er á sjónarhorn barna, hvernig þau geta haft áhrif á rannsóknir og hvaða gagn er í því að hlusta á börn. Einnig gaf hún dæmi um mismunandi aðferðir til að nálgast börn og fjallaði um hvað er gert í framhaldi af því að hlusta á raddir barna. Viðtal við Sue er í næsta tbl. Skólavörðunnar.



Sue Dockett

Jóhanna Einarsdóttir prófessor við KHÍ fjallaði um um ólíka sýn á börn og hvernig sú sýn mótast það starf sem unnið er með börnum í leikskólum og hefur áhrif á hvernig rannsóknir eru unnar með börnum. Jafnframt voru skoðuð mismunandi viðhorf til þátttöku barna í ákvarðanatöku og rannsóknum. Fjallað var um kosti og galla ólíkra rannsóknaraðferða og velt upp ýmsum álitamálum í rannsóknum með ungum börnum.

Kristín Dýrfjörð lektor við HA. fjallaði í fyrri hluta fyrirlestursins um lýðræði, gerði grein fyrir kenningu Nussbaum um lýðræði og tengsl hennar við leikskólastarf. Í seinni hlutanum fjallaði hún um uppeldisfræði hlustunar og var sérstaklega litið til hugmyndafræði tengda hlustun sem rakin er til leikskólastarfs í Reggio Emilia á Ítalíu.

Anna Magnea Hreinsdóttir doktorsnemi við HÍ fjallaði um mat barna á leikskólastarfi og gerði grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að börn mynda sér auðveldlega skoðun á ýmsum þáttum í tilveru sinni og eiga auðvelt með að láta hana í ljós þegar eftir henni er leitað. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess börn geti tekið þátt í mati á leikskólastarfi og að sjónarmið þeirra geti leitt til breytinga á starfinu séu þau nýtt til úrbóta.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar stóð fyrir ráðstefnunni í samstarfi við RannUng (Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna, við Kennaraháskóla Íslands).

Móðurmálskennarar á Flúðir í haust

Sumarnámskeið Samtaka móðurmálskennara 2008 verður haldið á Hótel Flúðum 5.- 6. september n.k.

Líkt og í fyrra verður haldið tveggja daga námskeið sem hefst á hádegi á föstudegi og lýkur síðdegis á laugardegi. Námskeiðið er ætlað móðurmálskennurum í grunn- og framhaldsskólum. Viðfangsefnið verður bókmenntir og bókmenntakennsla. Góðir gestir munu flytja fyrirlestra og farið verður í vettvangsferð í Skálholt. Undirbúningur námskeiðsins stendur yfir og er áhugasömum bent á að fylgjast með fréttum af námskeiðinu á heimasíðu SM, www.ki.is/sm

Formaður Kennarasambandsins hyggst hætta að loknu því kjörtímabili sem er nýhafið

Eiríkur Jónsson nýendurkjörinn formaður KÍ sleit 4. þingi þess þann 11. apríl sl. og tæpti á nokkrum málum sem til umræðu höfðu verið. Hann fagnaði góðri umræðu um hin ýmsu mál en sagði jafnframt að honum þætti leitt að ályktun gegn háum vöxtum hefði ekki verið samþykkt. „Vextir eru kjaramál,“ sagði Eiríkur, „og er það ekki svolítið skrítið að sama dag (þ.e. 10. apríl, innskot blm.) og þing KÍ tekur út tillögu um vexti þá setur Ísland heimsmet í háum vöxtum?“

Eiríkur upplýsti jafnframt að nú færi í hönd síðasta kjörtímabil hans sem formanns og hann vildi tilkynna það strax til þess að fólk gæti farið að velta fyrir sér hvort það hefði áhuga á að bjóða sig fram að þremur árum liðnum. Hann sagði að án þess að hann ætlaði að segja arftaka fyrir verkum teldi hann að það væri eitt sem nýr formaður þyrfti nauðsynlega að gera, þ.e. að slíta sig frá því aðildarfélagi sem hann hefði tilheyrt og ætti rætur sínar í til að geta þjónað öllum félagsmönnum. Eiríkur þakkaði fráfarandi stjórnar- og nefndarmönnum, bað nýtt fólk kærlega velkomið og sagði fjórða þingi KÍ slitið.

Samtök móðurmálskennara þrjátíu ára

Þrjátíu ára afmæli Samtaka móðurmálskennara var fagnað á fjölmennum vor- og aðalfundi þeirra í Flensborgarskóla í Hafnarfirði 2. maí.

Þrjár fyrirlesarar töluðu á vorfundinum:

Höskuldur Þráinsson prófessor í HÍ sagði frá niðurstöðum úr viðamikilli rannsókn á tilbrigðum í íslenski setningagerð sem nú er verið að kynna og vinna úr. Sigurbjörg Einarsdóttir, íslenskukennari og menntunarfræðingur, flutti erindi þar sem hún fjallaði um markmið og aðferðir í bókmenntakennslu í framhaldsskólum. Erindið byggði hún að hluta á starfsrýni sinni frá síðasta ári. Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur og myndlistamaður rak lestina og fjallaði um mikilvægi þess að virkja sköpunarkraft unglunga um leið og hann gagnrýndi eitt og annað í náms-efni og aðferðafræði móðurmálskennara. Tveir hafnfirskir verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni fluttu ljóð.

Samtök móðurmálskennara voru formlega stofnuð júní 1978. Þá voru lög um Samtökin samþykkt og fyrsta stjórn kosin. Hana skipuðu: Indriði Gíslason, Kolbrún Sigurðardóttir, Ólafur Víðir Björnsson, Þórður Helgason og Bjarni Ólafsson. Stofnendur félagsins voru gerðir að heiðursfélögum á 30 fundinum og var afhent heiðurskjal því til staðfestingar.

Félagar SM eru nú 560 og starfsemin í nokkuð föstu fari. Félagið stendur fyrir námskeiðahaldi og gefur út málgagn sitt Skímu sem er mikilvægasta framlag Samtakanna til móðurmálskennara og annarra sem áhuga hafa á starfi þeirra.

Félagsmenn! Kynnið ykkur lög Kennarasambandsins með nýsamþykktum breytingum á www.ki.is á undirsíðunni Þingsamþykktir eða undir Um KÍ/Lög KÍ.




Lausar kennarastöður við Grunnskóla Hornafjarðar og í Hofgarði

- stöður umsjónarkennara
- staða í textílmennt
- staða í heimilisfræði
- stöður íþróttakennara og sundkennara
- staða í myndmennt
- staða í náttúrufræði
- kennarastaða við Grunnskólann í Hofgarði í Örafum

Í boði er niðurgreitt húsnæði og flutningsstyrkur og góð starfsaðstaða. Umsóknur skal skilað skriflega til skólastjórnenda fyrir 10. júní.

Grunnskólinn á Höfn starfar í þremur húsum. Síðustu tvö árin hefur hann verið tilnefndur nýsköpunarskóli ársins og í vor fer hópur til Minneapolis til að taka þátt í legókeppni. Í skólanum er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám og skapandi vinnu. Síðast liðið haust hófst vinna í skólanum með Uppeldi til ábyrgðar.

Grunnskólinn í Hofgarði í Örafum er fámennur skóli, þar sem er samkennta árganga, einstaklingsmiðað. Á Höfn er ný sundlaug í byggingu, glæsilegt útiþróttasvæði nýkomið og knattspyrnuhús í burðarliðnum. Það er auðvelt að koma börnum í leikskóla, á staðnum er góður tónskóli og einn best búni framhaldsskóli landsins. Nánari upplýsingar veitir Þorvaldur Viktorsson, skólastjóri, í síma 470 8450 eða 895 1939, netf. thjv@hornafjordur.is og Pálína Þorsteinsdóttir, skólastjóri, Hofgarði, Örafum í síma 478 1760 eða 894 1765



DIPLÓMANÁM Í STÆRÐFRÆÐI

Um er að ræða 15 eininga nám sem er öllum opið, en er sérstaklega ætlað starfandi kennurum í grunn- og framhaldsskólum sem vilja efla þekkingu sína og færni í stærðfræðinni. Kennt er frá 16:20 - 18:50 tvisvar í viku. Einnig verður boðið upp á fjarnám ef næg þátttaka fæst.

Námskeið í stærðfræði

- Inngangur að stærðfræði
- Strjál stærðfræði
- Stærðfræðigreining
- Algebra og talnafræði
- Að kenna stærðfræði

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR



LANGANESBYGGÐ Grunnskólakennarar

Lausar eru eftirtaldir stöður við Grunnskólann á Þórshöfn frá og með 1. ágúst nk. Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 20. maí nk. Kennara vantar til almennrar kennslu og sérkennslu.

Grunnskólinn á Þórshöfn er einsetinn skóli með 70 – 80 nemendum í hæfilega stórum bekkjardeildum. Á Þórshöfn búa um 400 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Samgöngur eru góðar, m.a. er flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri.

Upplýsingar gefa Heiðrún Óladóttir, skólastjóri í sínum 468 1164 og 893 5836, heidrun@langanesbyggd.is, og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri í sínum 468 1220 og 895 1448, bjorn@langanesbyggd.is.

Lausar eru eftirtaldir stöður við Grunnskólann á Bakkafirði frá og með 1. ágúst nk. Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 20. maí nk. Kennara vantar í almenna kennslu, textílmennt, íþróttir og heimilisfræði.

Grunnskólinn á Bakkafirði er einsetinn lítill skóli með 10 - 20 nemendum þar sem mikil áhersla er lögð á að nemendum líði vel og að allir fái nám við sitt hæfi. Á Bakkafirði búa um 100 manns í sérlega fjölskylduvænu umhverfi. Gott og ódýrt íbúðarhúsnæði er til staðar. Á staðnum er góður leikskóli og verslun auk banka- og pósthjónustu. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar í ósnortinni náttúru. Í boði er mjög spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi, þar sem starfsaðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar í alla staði, í mjög barnvænu samfélagi.

Upplýsingar gefa María Guðmundsdóttir, skólastjóri í sínum 473 1618 og 847 6742, maria@langanesbyggd.is, og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, í sínum 468 1220 og 895 1448, bjorn@langanesbyggd.is.

Úthlutun styrkja úr B-deild Vísindasjóðs Félags leikskólakennara

Hér með eru auglýstir námsstyrkir til félagsmanna FL sem hyggjast stunda framhaldsnám í leikskólafræðum eða öðrum greinum er tengjast starfsgreininni skólaárið 2007-2008.

Styrkirnir nema kr. 140.000 til þeirra er stunda nám hér á landi og kr. 180.000 til þeirra er stunda nám í útlöndum.

Umfang náms skal vera að lágmarki 15 einingar.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að taka tillit til starfsaldurs umsækjenda og fleiri þátta sem hún telur skipta máli.

Umsóknnum skal skila á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu FL/KÍ og á heimasíðu KÍ, www.ki.is.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2008.

Úthlutun hærri ferðastyrkja úr A-deild Vísindasjóðs Félags leikskólakennara

Hér með eru auglýstir styrkir til einstaklinga til að sækja ráðstefnur og námskeið erlendis sem nýtast umsækjanda í starfi. Styrkirnir nema kr. 100.000 -130.000.

Skulu líða a.m.k. þrjú ár frá því að félagsmaður fær styrk til utanfarar þar til hann getur sótt um slíkan styrk aftur.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að taka tillit til starfsaldurs umsækjenda og fleiri þátta sem hún telur skipta máli.

Umsóknnum skal skila á þar til gerðum eyðu-blöðum sem fást á skrifstofu FL/KÍ og á heimasíðu KÍ, www.ki.is.

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2008.

Nánari upplýsingar um styrkina gefa starfsmenn sjóðsins María, maria@ki.is og Sigrún, sh@ki.is eða í síma 595-1111.

Stjórn Vísindasjóðs FL

Body percussion námskeið 28. -29. maí 2008

Einn af þekktustu líkamssláttarleikurum Bandaríkjanna, Keith Terry, mun heimsækja Ísland í lok maí. Hann verður á ferð um Evrópu vegna námskeiða- og tónleikahalds og þáði boð um að stoppa stutt á Íslandi og leyfa okkur að njóta krafta sinna.

Samtök Orff, tónlistarkennara á Íslandi (SÓTI) eru ákaflega stolt að geta boðið tónlistarkennurum og áhugasótlum um *body percussion* upp á námskeið dagana 28. og 29. maí 2008 nk. Námskeiðið fer fram í FÍH salnum, Rauðagerði 27, 108, Reykjavík.

Miðvikudaginn 28. maí kl: 16.00-19.00 Námskeið í FÍH, fyrri hluti
Fimmtudaginn 29. maí kl: 13.00-16.00 í FÍH, seinni hluti
Fimmtudaginn 29. maí kl: 20.00 Einleikstónleikar í Salnum í Kópavogi

Námskeiðsgjald: 15.000 kr. og er miði á tónleikana í Salnum innifalinn á tónleikana. Allir eru velkomnir og er miðaverð 1.000 kr. fyrir aðra en námskeiðspáttakendur. Skráning er hafin og er áhugasömum bent á að senda netpóst á orff.is@gmail.com með nafni, heimilisfangi, netfangi og vinnustað.

Um Keith Terry

Keith Terry er slagverksleikari að mennt og var trommuleikari Jazz Tap Ensemble. Hann hefur þróað stíl þar sem hann notar rytmamynstur á eigin líkama og rödd ásamt hreyfingu eða dansi. Honum hefur tekist á listrænan hátt að sameina tónlist, dans, leikhús og gjörning í sýningum sínum. Hann skilgreinir sig sem „body musician“ og notar þannig elsta hljóðfæri jarðar, líkamann, til að víkka út skilgreiningar á hefðbundinni jass- og nútímatónlist.

Keith Terry er þekktastur fyrir sólóferil sinn og eigin hljómsveit en hann hefur jafnframt unnið með þekktum listamönnum eins og Lindu Tillery, Bobby McFerrin, Gamelan Sekar Jaya og Robin Williams. Hann hefur haldið námskeið um öll Bandaríkin og víða í Evrópu og frá árinu 1998 hefur hann kennt í Department of World Arts and Cultures, University of California, í Los Angeles. Aðferðir hans eru leiðarljós margra tónlistarmanna og kennara. Fyrir þá sem hafa verið á námskeiðum Doug Goodkin hér á landi er vert að geta þess að hann notar aðferðir Keiths mikið í sinni kennslu. Frekari upplýsingar um Keith Terry og tóndæmi má finna á eftirfarandi slóðum:

www.crosspulse.com/html/aboutkt.html

profile.myspace.com/index.cfm?fuseaction=user.viewprofile&friendID=107513936

Stjórn SÓTA

Elfa Lilja Gísladóttir - elfalilja@gmail.com

Kristín Valsdóttir - kristinvals@khi.is

Nanna Hlíf Ingvadóttir - nannahlif@gmail.com

ReMida – skapandi efnisveita Ráðstefna haldin í Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð

Samtök áhugasótlum um starf í anda Reggio (SARE) á Íslandi halda ráðstefnu 28.maí og námskeið 27.maí um ReMidu í Kennaraháskólanum við Stakkahlíð í Reykjavík. Markmiðið er að kynna hugmyndafræði ReMidu (efnisveitu) fyrir starfsfólki í leikskólum.

- Fyrir hádegi þann 28.maí verða þrjú aðalfyrirlesarar, eftir hádegi verða smíðjur. Hver þátttakandi velur sér eina smíðju sem stendur í þrjár klukkustundir.
- Ráðstefnugjald er kr. 20.000,- og innifalið er aðgengi að efnivið og búnaði í smíðjum, ráðstefnugögn, hádegismatur og kaffi.
- Í tengslum við ráðstefnuna verður haldið námskeið þann 27.maí þar sem farið verður í hugmyndafræði að baki ReMidu. Ráðstefnu- og námskeiðsgjald er alls kr. 35.000,-

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna, námkeiðið og skráning www.congress.is/remida



Snæfellsbær

Stjórnunarstöður við leikskólann Kríuból á Hellissandi

Vegna mikillar frjósemi undir Jökli vantar okkur í afleysingar leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Kríuból á Hellissandi. Einnig vantar deildarstjóra á yngri deild. Ráðningartími er 1 ár og æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf eigi síðar en 15. júní, en deildarstjóri þarf að hefja störf í ágúst. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og annast uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Þar er lögð áhersla á nám og þroska í gegnum leik og starf. Gerð er krafa um að umsækjendur séu með leikskólakennaramenntun. Nánari upplýsingar fást hjá leikskólastjóra í síma 433-6926 eða á skrifstofu Snæfellsbæjar í síma 433-6900.

Skriflegum umsóknum ber að skila til skrifstofu Snæfellsbæjar fyrir 20. maí n.k. Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is, undir „Stjórnskipan“ og „Eyðublöð“.

► Hellissandur er einn af þremur þéttbýliskjörnum sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ. Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Hellissandur í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli! Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna. Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallett umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst og býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi. Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóþretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík (9 km). Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.



MPH er rannsóknarmiðað nám í aðferðum lýðheilsuvísinda fyrir þá sem vilja auka skilning sinn og færni í lýðheilsustarfi með einstaklingum, hópum og samfélögum, innanlands og erlendis. Sérstök áhersla er lögð á lýðheilsu barna og ungmenna og heilsuefningu meðal þeirra. Lýðheilsuvið starfar náið með rannsóknarsetrinu Rannsóknnum og greiningu, sem stundar rannsóknir á liðan og högum barna og ungmenna á Íslandi og sem veitir nemendum aðgang að fjölbreyttum rannsóknarverkefnum á grunni gagnasafns setursins.

Nám til MPH-gráðu í lýðheilsufræðum er sérstaklega miðað við að útskrifaðir nemendur vinni að skipulagi og framkvæmd lýðheilsuverkefna á vettvangi sveitarstjóra, heilbrigðis- og félagsþjónustu, í skólum og fyrirtækjum.

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hris

FRAMTÍÐIN ER HR



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

KENNARANÁMSKEIÐ KRAMHÚSSINS 2008

Skapandi starf með börnum og unglíngum
Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa áhuga
á skapandi kennsluáferðum.

**Spuni-
Skapandi dans**
Ivve Marínes
dansari og
danshöfundur
frá Stokkhólmi



**Tilraunir
Tónlist
Hreyfing**
Andreas Paragioudakis
grískur tónlistarmaður
og Orff kennari



**Nánasta
umhverfi**
Haraldur Jónsson
myndlistarmaður
og kennari frá LHÍ



11.-13. júní 2008
Skráning er hafin!



www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860



Málþing um kennaramenntun á tímamótum

Hvernig kennara þarf samfélag framtíðarinnar?



Þann 29. maí næstkomandi kl. 13.00–17.00 verður haldið málþing í Kennaraháskóla Íslands um menntun kennara.

Á málþinginu verður rætt um þróun kennarastarfsins í ljósi samfélagsbreytinga og menntun kennara til framtíðar. Meginmarkmið með málþinginu er að fá fram sjónarmið hagsmunaaðila leik-, grunn- og framhaldsskóla um áherslur í kennaranámi út frá þörfum hvers skólastigs. Á málþinginu skapast vettvangur fyrir umræður og hugmyndavinnu sem nýtist m.a. við skipulag og mótun kennaranáms.

Inngangserindi flytur Jón Torfi Jónasson prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Einnig ávarpa þingið fulltrúar foreldra og framhaldsskólanema. Síðan taka til starfa umræðuhópar þar sem þátttakendur ræða hugmyndir sínar um kennaramenntun og inntak kennaranáms.

Að málþinginu standa Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli, Háskóli Íslands og Menntamálaráðuneytið.

Málþingið er liður í dagskrá í tilefni af 100 ára afmæli Kennaraskólans – Kennaraháskóla Íslands.

Málþingið er öllum opið og þátttakendum að kostnaðarlausu.

Útinám og skólastarf

Mjög áhugaverð námsstefna er haldin á Sauðárkróki 15. maí. Hugsanlegt er að Skólavardan hafi borist fólki tímanlega og það geti hent aukasokkum og vatnsbrúsa ofan í dagpokann og drifið sig á Krókinn – ef það er þá ekki þar fyrir.

Námsstefnan heitir **Að læra úti – útinám og skólastarf**. Hún er í sal Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV) og stendur yfir frá klukkan tvö til sex eða þar um bil. Auk mjög spennandi fyrirlestra um ævintýraferðamennsku, hálendisferðir með nemendum, útinám í leikskólum og framhaldsskólum, útiildun og fleira skemmtilegt verður boðið upp á ratleik með veglegum vinningum. Þá er á námsstefnunni kynning á áttavítum og ratleikjábúnaði frá Recta fyrir skóla frá Rakó ehf. og kynning á vörum til útiildunar frá Muurikka.

Dagskrá og allar nánari upplýsingar eru á www.ki.is

Okkar fólk á 1. maí og kennarablogg

Guðrún Alda Harðardóttir tók nokkrar myndir af okkar fólki í Kennarasambandinu á verkafallisdaginn. Skólavardan rændi tveimur þeirra góðfúslega af bloggi Kristínar Dýrfjörð, roggur.blog.is

Kristín Dýrfjörð bloggar oft um skóla og kennara, sérstaklega á fyrsta skólastiginu, leikskólanum. Fremur fáir kennarar láta að sér kveða á blogginu en þeir eru engu að síður nokkrir.

Lesendur mega gjarnan hafa samband við kristin@ki.is ef þeir vita um einhvern góðan bloggara í kennarastétt.



Sólarhring í verkfalli

Kennarar í Englandi og Wales fóru í sitt fyrsta verkfall í 21 ár þann 24. apríl sl. Það stóð yfir í einn sólarhring eins og lagt hafði verið upp með. „Við erum orðin hundleið á sívaxandi verðbólgu og launum sem halda engan veginn í við hana“, sagði Leanne Hahn leikskólakennari frá Norður-London í viðtali við Reuters fréttastofuna. Leanne er í hópi þúsunda kennara sem gengu um götur Lundúna þennan dag með mótmælaspjöld sem á stóð „Nei við launalækkunum“ og „Engar ólaunaðar vinnustundir“. Athyglisvert var að allir stjórnmalaflokkar landsins fordæmdu verkfallið. Stefna Gordons Browns er að halda launum lágum út frá þeirri hugmyndafræði að þannig megi takast að koma böndum á verðbólgu – ef marka má viðbrögð stjórnmalamanna við sólarhringsverkfallinu eru þeir allir sammála Brown. Kennurum var meðal annars núð um nasir að vinna gegn menntun og send þau skilaboð að þeir ættu að hafa „No Strike“ stefnu í samtökum sínum. Launahækkunin sem kennarar fóru fram á var 4,1% í stað 2,45% eins og til stendur.

Á 4. þingi KÍ í apríl sl. kom Gísli Þór Sigurþórsson kennari í MS í pontu og lýsti yfir stuðningi við tillögu um árleg framlög til þróunarstarfs í löndum þar sem kennarar og skólastarf á erfitt uppdráttar vegna stríðsátaka eða annarra hörmunga. Þá sagði Gísli: „Við erum rík þjóð með langa lýðræðishefð. Við ættum að samþykkja að ef breskir kennarar fara í verkfall leggjum við fimmtíu milljónir í þeirra verkfallssjóð!“ Ekki varð af því að þessu sinni en það er full þörf á að styðja félag okkar í Bretlandi með ráðum og dád, innan sem utan verkfalls.

Ég gæti Íslands og Ísland gætir mín

hér vil ég búa

Gunnar Freyr Valdimarsson kennari hefur samið fræðslutexta fyrir alla Íslendinga sem hvílir á stöðum stjórnarskrárákvæða um mannréttindi í þeim tilgangi að einfalda þau, skilgreina skýrar og búa til samskilning allrar þjóðarinnar á því hvað þau fela í sér. Fræðsluefnið leggur hann til að verði kennt í skólum, kynnt almenningi, dreift á veggspjöldum og póstkortum, kynnt nýjum Íslendingum og þeim sem kjósa að setjast hér að tímabundið og hvatt til umræðu í samfélaginu í heild um það sem efnið felur í sér. Þannig megi búa til samskilning á því hvað fjölmenningarlegt samfélag felur í sér, leggja drög að nýju upphafi og samþykki þegnanna.

Í stjórnarskrá flestra lýðræðisríkja eru ákvæði sem leiðbeina eiga þegnum í sambúð þeirra í samfélagi með öðrum á virðingarverðan og ábyrgan hátt og um leið er reynt að samræma hagsmuni einstaklings og samfélags. Hér á ég við þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem lúta að almennum mannréttindum einstaklingsins, skyldum okkar og ábyrgðarákvæðum sem sum hver er refsivert að brjóta. Þessi ákvæði eru sett til að tryggja að allir njóti sama réttar til að lifa mannsæmandi og virðingarverðu lífi en um leið eru þau sett til að borgararnir vaði ekki yfir rétt annarra til sömu hluta. Þetta eru leikreglur, settar til að samfélagið virki vel sem heild fyrir alla sem einn. Þau helstu er að finna í 6. og 7. kafla stjórnarskrárinnar.

Sumir Íslendingar telja að þeir sem flytji til landsins frá öðrum menningarsvæðum eigi að semja sig að ákveðnum siðum og gildum sem eru við lýði á Íslandi. Um leið eru orð eins „lýðræðissamfélag“ og „mannréttindi“ stundum dregin inn í umræðuna án þess þó að nánar sé skýrt hvað við sé átt né umræðunni fylgt eftir. Mín reynsla er sú að of margir Íslendingar hafi alls ekki rætt þessa hluti né skoðað til hlítar og hafi t.a.m. mjög óljósa hugmynd um að hvers konar lýðræði, réttindum og skyldum nýir landnemar eigi að laga sig. Margir þeirra sem koma til landsins hafa heldur ekki gert það. Þeir koma frá ólíkum ríkjum og menningarsvæðum og misjafnt hversu mörg þessara ákvæða úr stjórnarskrá Íslands eru þeim töm.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að þeir sem búa saman á Íslandi fari eftir sömu leikreglum um réttindi og skyldur sem settar eru til að gera samfélagið gott fyrir alla. Mikilvægt er að sami skilningur sé á grunnildum lýðræðis og mannréttinda og

Mín reynsla er sú að of margir Íslendingar hafi alls ekki rætt þessa hluti né skoðað til hlítar og hafa t.a.m. mjög óljósa hugmynd um að hvers konar lýðræði, réttindum og skyldum nýir landnemar eigi að laga sig. Margir þeirra sem koma til landsins hafa heldur ekki gert það.

að þau séu án alls vafa hafin yfir menningarlegan bakgrunn og trú. Í dag glíma mörg lönd við svipað ástand, árekstra sem fyrst og fremst eru sprotnir af því að íbúar samfélaganna fara ekki eftir sömu leikreglum og túlka þær með mjög ólíkum hætti. Mörg dæmi eru um að öfgafullar túlkanir á valfrelsi einstaklingsins rekist harkalega á við mannréttindaákvæði. Í mörgum tilfellum eru menn feimnir við að segja „hingað og ekki lengra“ vegna hræðslu við að vera sakaðir um að ganga á rétt einstaklingsins í því tilfalli. Því er nauðsynlegt að gera línur ákveðinna ákvæða ennþá skýrari svo að allir fari eftir sömu reglum og að einstaklingar skýli mannréttindabrotum sínum ekki á bak við teygjanlega túlkun á réttindum einstaklingsins. Um leið þarf að gera öllum ljóst að þeir bera ákveðna ábyrgð á gjörðum sínum og athöfnum og að því fylgja skyldur að búa í samfélagi með öðrum, ekki eingöngu réttindi.

Ég vil útbúa fræðsluefni fyrir alla Íslendinga sem tekur mið af stjórnarskrá Íslands og kynni tillögu þar að lútandi í lok þessarar greinar. Þar set ég í öndvegi ákvæði stjórnarskrárinnar sem lúta að helstu réttindum og skyldum okkar sem íbúa Íslands, það sem við megum gera og það sem er rétt að gera. Ég bæti við atriðum sem sprottin eru úr umræðum í samfélaginu, t.d. að íslenska sé þjóðtunga Íslands og samskiptamál þeirra sem búa á Íslandi og nokkrum atriðum sem vísa til þeirrar framtíðar sem við viljum fyrir hönd samfélagsins. Mín ósk er sú að a.m.k. helstu ákvæði stjórnarskrárinnar verði öllum það töm að við getum haldið áfram og þreifað okkur lengra til þess samfélags sem við viljum sjá, væntanlega réttláts og lífvænlegs.

Ég mæli með átaki í umræðu um lýðræði og mannréttindi og merkingu þess að búa í samfélagi sem byggist á slíku. Þessu er ekki sérstaklega beint til útlendinga og umræðu um aðlögun. Ég játa þó að helsta kveikjan að þessari tillögu minni eru harkalegir árekstrar ólíkra menningarheima sem ég hef orðið vitni

að hér og annars staðar í hinum vestræna heimi. En um leið tel ég nauðsynlegt að sem flestir Íslendingar rifji upp helstu samskiptaákvæði stjórnarskrárinnar og kynni sér þau betur. Nauðsynlegt er að fá skýran samnefnara fyrir okkur öll sem búum hér, sameiginlegan skilning á hvað við megum gera, hvað rétt er að gera og hvað væri æskilegt að við gerðum. Okkur vantar skýrari form á samfélagið og lýðræðislega sambúð okkar, form sem vísar til framtíðar en inniheldur í raun gömul sannindi skilgreind upp á nýtt. Okkur vantar nýtt, sameiginlegt upphaf, óháð því hvaðan við komum og hvernig við skilgreinum okkur. Við búum í íslensku samfélagi með íslenskar reglur en um leið beitum við alþjóðlegum leikreglum sem snúa að mannréttindum og skyldum. Við erum á leið til sameiginlegrar framtíðar. Best er allir ferðalangar noti sömu vegvísana og geri nýjan sáttmála um hvert ferðinni skuli heitið. Það er mikilvægt að allir þekki þessar áherslur, nýir íbúar, gamlir íbúar sem og yngstu kynslóðirnar. Umræða um fjölmenningarlega sambúð er flókin og hana þarf að einfalda. Leikreglur í samfélögum eiga að vera einfaldar, skýrar og sanngjarnar. Um þær á að ríkja sátt.

Ég legg til að þessi einfalda útgáfa verði skylduefni í grunn- og framhaldsskólum og að öllum nýjum Íslendingum verði hjálpað til að skilja hana og um leið að hún verði að skylduefni fyrir þá sem hingað koma til að setjast að. Textinn þarf að vera á einföldu máli, aðgengilegur fyrir öll aldursstig og

Mikilvægt er að sami skilningur sé á grunnildum lýðræðis og mannréttinda og að þau séu án alls vafa hafin yfir menningarlegan bakgrunn og trú.

Okkur vantar nýtt, sameiginlegt upphaf, óháð því hvaðan við komum og hvernig við skilgreinum okkur. Umræða um fjölmenningslega sambúð er flókin og hana þarf að einfalda. Leikreglur í samfélögum eiga að vera einfaldar, skýrar og sanngjarnar. Um þær á að ríkja sátt.

nýja landnema. Þarna komi fyrir helstu atriði stjórnarskrárinnar ásamt viðbótum en textinn umorðaður. Ég mæli með allir noti sama textann en kafi dýpra í hann og ræði hann nánar eftir því sem við á. Með slíkri fræðslu stuðlar hið opinbera að því að þegnarnir hefji sig upp á nauðsynlegt plan í umræðu um réttlátt og betra samfélag. Um leið mætast allir íbúar samfélagsins í sameiginlegum skilningi á grunnundirstöðum þroskaðs lýðræðisríkis. Þessi ákvæði mætti birta á veggspjöldum og póstkortum, ekki ósvipað átaki um geðrækt sem mér þótti mjög vel heppnað.

Hér á eftir fer tillaga mín um hvernig svona útgáfa gæti litið út. Hér eru atriði sem vísa í réttindi og skyldur og nánast tekin beint úr stjórnarskránni, einnig atriði sem eru mikið til umræðu og eru túlkuð á mjög ólíkan hátt í augnablikinu og atriði sem vísa til samfélags framtíðarinnar. Að mínu mati er lágmark að fólk þekki helstu ákvæði um mannréttindi en um leið hversu langt þau

ná og hvar réttur annarra tekur við sem og samfélagslegar skyldur. Um leið er það von mín að fólk hafi hugsjónir og hugmyndir um hvernig heilbriggt og réttlátt samfélag geti þróast til framtíðar.

Ég gæti Íslands og Ísland gætir mín -hér vil ég búa

Á Íslandi...

- erum við frjáls og megum tjá skoðanir okkar eftir eigin sannfæringu. En við hugsam um það sem við megum gera um leið og við hugsam um hvað er rétt að gera
- gilda ekki lög, reglur og réttindi frá öðrum löndum nema þau sem eru alþjóðleg og viðurkennd eins og grundvallarmannréttindi
- mega allir búa sem það vilja en eiga að kynna sér réttindi, reglur, skyldur og ábyrgð þess að búa í samfélagi með öðrum

- eru allir húðlitir jafngildir
- skiptir kyn ekki máli
- er ofbeldi bannað með líkamsmeiðingum, orðum eða öðrum hætti
- er trú einkamál en enginn hefur rétt á að neyða upp á aðra skoðunum sem stangast á við grundvallarmannréttindi
- eiga allir rétt á húsnæði, peningum fyrir nauðsynjum og hjálp þegar þeir geta ekki hjálpað sér sjálfir
- eiga allir rétt á góðri menntun og heilbrigðisþjónustu
- verndum við og hjálpum þeim sem þess þurfa, t.d. eldri borgurum, börnum, sjúkum og fötludum
- gætum við og verndum börnin
- virðum við náttúru, sögu og menningu okkar en einnig annarra þjóða
- tölum við íslensku. Við reynum að kenna íslensku þeim sem vilja læra hana svo þeir geti tekið þátt í samfélaginu
- reynum við að vera góðir við aðra
- viljum við búa og gera þjóðfélagið betra
- eiga allir að kynna sér stjórnarskrána og gera sitt til að fara eftir grundvallarmarkmiðum hennar
- viljum við að öllum líði sem best

Gunnar Freyr Valdimarsson
Höfundur er kennari í Hjallaskóla í Kópavogi og kennir íslensku sem annað tungmál.



VILTU VERÐA ENN BETRI STÆRÐFRÆÐIKENNARI?

Kennslufræði – og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík býður 25 kennurum í stærðfræði á grunnskólastigi á námskeið 5. – 8. ágúst. Kennnt verður frá kl. 9 – 13. Á námskeiðinu verður fjallað um kennslufræði stærðfræðinnar, nemendamiðað nám, snjallræði í stærðfræðikennslu og mikilvægi fjölbreyttra kennsluhátta. Kennari á námskeiðinu er Lasse Savola en hann er að ljúka doktorsritgerð nú í vor þar sem hann ber saman stærðfræðikennslu í Finnlandi og á Íslandi. Kennnt er á ensku.

Skráning er hjá Ólöfu Kristínu Sívertsen olofsiv@ru.is fyrir 20 maí. Við val á þátttakendum verður notuð reglan fyrstur kemur fyrstur fær en þó þannig að þátttakendur komi allstaðar að af landinu.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER
HR

HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Waldorfleikskólinn Ylur í Lækjarbotnum

Óskar eftir leikskólakennara

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu og/eða áhuga á mannspeki Rudolfs Steiners, sem liggur til grundvallar Waldorffuppeldisfræðinni. Uppl. veitir Ingibjörg í s. 5874499 milli kl. 9 og 15 eða í s. 6618699 eftir kl. 16. Áhugasamir sendi umsókn ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf á waldorf@simnet.is

Waldorffskólinn Lækjarbotnum

Óskum eftir kennara í almenna bekkjarkennslu, tónlistarkennara og stuðningsfulltrúa, fyrir komandi skólaár. Hér eru miklir möguleikar á skapandi starfi í nánnum tengslum við óspilla náttúru.

Waldorffskólinn Lækjarbotnum byggir á uppeldisfræði Rudolf Steiners með sérstaka áherslu á náttúruupplifanir. Í skólanum eru 63 nemendur í almennum bekkjardeildum á grunnskólastigi, frá 1.-10.bekk.

Nánari upplýsingar veitir Kerstin í síma 895 6404 eftir kl.15. Áhugasamir sendi umsókn ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf á waldorf@simnet.is eða pósthólf 10011, 130 Reykjavík.



BROSANDI ALLAN HRINGINN


VEITINGASTAÐIR Á ÖLLUM HÓTELUNUM • ALLTAF STUTT Í SUND
VINGJARNLEG ÞJÓNUSTA • GISTIVERÐ FRÁ 3.750 KR. Á MANN



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á hoteledda.is eða í síma 444 4000





Nýr Heilsuleikskóli opnar í Hafnarfirði

Spennandi störf í boði

Skólar ehf. hafa gert þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ um rekstur heilsuleikskóla við Hamravelli í Hafnarfirði, sem gert er ráð fyrir að muni opna að hluta til í júní á þessu ári.

Skólar hafa rekið leikskóla í rúm sjö ár bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á Suðurnesjum. Innan fyrirtækisins er mikil reynsla sem snerta bæði fag- og rekstrarsviði leikskóla.

Til að stýra leikskólanum hafa þær Salvör Jóhannesdóttir og Kristín Auður Harðardóttir gengið til liðs við Skóla. Salvör sem leikskólastjóra og Kristín sem aðstoðarleikskólastjóra. Salvör hefur lengi starfað eftir Heilsustefnunni og er með framhaldsmenntun í stjórnun. Kristín hefur starfað sem aðstoðarskólastjóri og er í meistaranámi við Kennaraháskóla Íslands.



„heilbrigð sál í hraustum líkama“

Stefna Skóla er að auka veg
Heilsustefnunnar og fjölga
Heilsuskólum á Íslandi

www.skolar.is

Spennandi störf í boði

Ef þú ert leikskólakennari sem hefur áhuga á næringu, hreyfingu og listum átt þú samleið með okkur. Við leitum að kennurum til að vinna í nýjum heilsuleikskóla í Hafnarfirði þar sem næring, hreyfing og listir eru höfð að leiðarljósi í leikskólalastarfinu.

Við leitum að:

- Deildarstjórum
- Sérkennslustjóra
- Fagstjórum í íþróttum og listum
- Matræði
- Aðstoðarmanni í eldhús
- Leikskólakennurum og öðru uppeldismenntuðu fólki

Hafðu endilega samband og kynntu þér málið ef þú hefur áhuga á að vinna í leikskóla sem er staðsettur á skemmtilegum stað í Hafnarfirði með sterk tengsl við náttúruna og þar sem skýr leikskólastefna er til staðar.

Unnur Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri skólasviðs Skóla, mun taka vel á móti öllum fyrirspurnum.

Netfang: skolar@skolar.is
Sími: 420-4213

www.skolar.is